

**Mats- og hæfisnefnd skv. reglugerð**

**nr. 467/2015**

## **Almenn viðmið og leiðbeiningar vegna sérnáms í læknisfræði á Íslandi.**

**“Gullbókin”**

Byggt á “A Reference Guide for Postgraduate Specialty Training in the UK”, The Gold Guide, 7<sup>th</sup> & 9<sup>th</sup> Editions, Versions: GG7 2018 og 2022.

Fyrsta útgáfa desember 2022, á vegum mats- og hæfisnefndar.

## Efnisatriði:

<b>1. kafli: Inngangur og bakgrunnur</b> .....	<b>5</b>
<b>2. kafli: Hlutverk og ábyrgð</b> .....	<b>7</b>
Nám við heilbrigðisstofnanir á Íslandi .....	7
Um stjórnun sérnáms á Íslandi.....	10
Fyrirkomulag sérnáms í Evrópu.....	11
Fyrirkomulag sérnáms á Íslandi.....	13
Hlutverk Embættis landlæknis.....	14
Sérnám á Norðurlöndum og í Bretlandi .....	17
Vottun sérnáms á Íslandi .....	17
Skipulag framhaldsnáms að loknu læknanámi.....	18
Kennslustjórar og kennsluráð.....	19
Sérnámshandleiðsla og klínísk handleiðsla.....	20
<b>3. kafli: Að fara í sérnám</b> .....	<b>23</b>
Sótt um leyfi .....	23
Ráðning í stöðu sérnámslæknis .....	23
Fjöldi sérnámsstaða og sérnámsnúmer.....	24
Umsókn um sérfræðileyfi áður en sérnámi lýkur.....	25
Afleysingastöður og vinna utan megin sérnáms sem hluti sérnámsins .....	25
Brotthvarf úr sérnámi .....	26
Lok sérnáms .....	26
Hlutastörf .....	27
Akademískt nám, rannsókn- og vísindastörf og æðri námsgráður .....	28
Hlé gert á sérnámi eða leyfi úr sérnámi vegna annarra faglegra starfa .....	29
Framhaldsnám innanlands/erlendis eða hlé vegna náms innanlands/erlendis .....	30
Hlé á framhaldsnámi vegna ótengds náms eða starfa .....	31
Sérnám og heilsa .....	31
Tilfærsla milli sérnámsstaða .....	32
<b>4. kafli: Framvinda sérnáms</b> .....	<b>33</b>
Færni, reynsla og árangur; fræðileg þekking .....	33
Framvindumat .....	34
Sérnámssamningur.....	34
Handleiðsla og framvindurýni.....	35
Tilgangur árlegs framvindumats (ARCP) .....	38
ARCP matsferlið .....	39
Skýrslugerð sérnámshandleiðara í árlegu framvindumati (ARCP) .....	40
Gagnaöflun fyrir árlegt framvindumat .....	41
Um framvindumatsnefndina .....	41
Störf framvindumatsnefndar .....	42
Úrskurðir og niðurstaða framvindumatsins .....	42
Viðbótartími og námshlé .....	43
<u>Framvindumat tilkynnt</u> .....	<u>44</u>
Rannsóknánám tengt sérfræðinámi .....	45

<b>5. kafli: Að vera sérnámslæknir og starfsmaður.....</b>	<b>47</b>
Ráðning í starf á heilbrigðisstofnun.....	47
<b>Viðbætur .....</b>	<b>47</b>
<b>Orðalisti/skammstafanir .....</b>	<b>48</b>



## Lesið á gullbók.

Málverkið Lesið á gullbók eftir Jóhannes Kjarval á sér sérstaka sögu. Sumarið 1959 var Kjarval austur á Héraði. Honum hafði verið gefinn bátur, og ákvað hann að sigla honum suður í Borgarfjörð. Hann sigldi Selfljót frá Hjaltastað niður að sjó, og sem leið lá fyrir nes og tanga á Borgarfjörð eystri. Kjarval var 74 ára þegar þetta var og róðurinn því talsvert afrek.

En bátinn var ekki hægt að skilja eftir í Borgarfirði, og fékk Kjarval hann þá fluttan aftur upp á Hérað. Hann hafði gefið honum nafnið Gullmávurinn og þótti vænt um bátinn.

Um veturinn stóð báturinn í hlaðinu að Ketilsstöðum hjá vini Kjarvals. „Þar í hlaði stóð svo íturskapaður Gullmávurinn eins og illa gerður hlutur svona langt upp í sveit. Hann minnti helst á sjóflugl sem hefur villst svo langt inn til landsins að hann, á flugi, sér ekki lengur til sjávar og gleymir að fljúga...“ (Andrés Björnsson í Snotrunesi, Tímaritið Múlaþing 1970). Næsta sumar, 1960, fór Kjarval aftur austur á Hérað í bústað sinn og undi sér við að mála. Hann var snortinn af fegurð landsins og langaði að mála stórt málverk og hófst handa, byrjaði á fjöllum og ánni, og eins og hans var háttur málaði hann einhvers konar himingúur í skýjabólstrana, andlitslausar og loftkenndar fígúrus.

Þá rennir vörubíll að og staðnæmist á veginum skammt frá. Út úr honum koma fjórir menn gangandi til Kjarvals. Erindi þeirra var að færa Kjarval hús sem þeir höfðu smíðað yfir Gullmávinn, en húsið vildu þeir setja upp og sækja svo bátinn, svo hann gæti verið nær eiganda sínum. Svo fór að Kjarval sýndi þessum velgjörðarmönnum sínum þakklæti í verki og málaði þá alla í miðja myndina ásamt bók sem líka er í myndinni og hann nefndi „Gullbókina“.

*Úr Morgunblaðinu 21.07.2009, með góðfúslegu leyfi blaðsins og Sverris Kristinssonar, eiganda myndarinnar, sem einnig veitti leyfi fyrir birtingu á myndinni hér.*

## 1. kafli: Inngangur og bakgrunnur.

1.1 Gullbókin fjallar um framkvæmd sérnáms í læknisfræði á Íslandi. Skjalið er þýtt, aðlagð og staðfært úr 7. útgáfu breskrar handbókar um sama efni sem nefnist “A Reference Guide for Postgraduate Specialty Training in the UK”. Það skjal er líka þekkt sem **Gold Guide** þar í landi. Þýðing og staðfæring var gerð<sup>1</sup> að tilhlutan Embættis landlæknis og reglurnar eru tilmæli um framkvæmd sérnáms lækna frá mats- og hæfisnefnd skv. 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015. Nefndin er óháð heilbrigðisstofnunum og skipað í hana af heilbrigðisráðuneytinu í samráði við Læknafélag Íslands og Læknadeild Háskóla Íslands. General Medical Council í Bretlandi voru veittar upplýsingar um þýðinguna og aðlögun skjalsins. Leyfi var fengið frá Conference of Postgraduate Medical Deans (UK) til að styðjast við bresku reglurnar. Skjalið tekur mið af **Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, nr. 467/2015** (sjá [www.reglugerd.is](http://www.reglugerd.is) eða [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)), með síðari viðbótum. Í þeirri reglugerð eru tilgreind skilyrði þess að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi á Íslandi eða leyfi í undir- eða viðbótarsérgrein, taldar upp þær sérgreinar sem viðurkenndar eru á Íslandi og hvernig meta skuli nám, marklýsingar náms og námsstaði hérlendis og/eða erlendis.

1.2 Tilgangur þessa skjals er að upplýsingar um almennt fyrirkomulag sérnáms í læknisfræði séu skýrar og aðgengilegar, að gætt sé samræmis og gegnsæis í ákvörðunum sem varða sérnámið og forsendum fyrir veitingu sérfræðileyfis/réttinda til lækna, að almennar og sértækar forsendur sérnámsins séu ljósar, svo og hvernig ferli ákvarðana er háttað. Skjalið varðar lækna í sérnámsgrunni og í sérfræðinámi (= sérnámi). Í skjalinu kallast læknar sem útskrifast hafa úr læknanámi sérnámsgrunnslæknar (áður “kandidatar” eða “starfsnámslæknar”); þeir hafa lokið læknanámi og fengið almennt lækningaleyfi. “Almennir læknar” eru læknar í sérnámsgrunni, læknar sem hafa lokið sérnámsgrunni (starfsnámi/kandidatsári) en eru ekki í formlægu sérnámi, og sérnámslæknar (almennir læknar skráðir í sérnám), en hafa ekki fengið sérfræðilæknisleyfi/réttindi. Sérfræðilæknar (þ.m.t. læknar sem starfa við undirsérgrein eða í viðbótarsérgrein) eru þeir sem hafa fengið sérfræðilæknisleyfi/réttindi á Íslandi frá Embætti landlæknis. Klínísk og akademísk stöðuheiti lækna eru að jafnaði tilgreind í viðeigandi ráðninga- og kjarasamningum.

1.3 Skjalið má líta á sem einskona handbók sem tekur til allra þeirra námslækna á Íslandi sem eru skráðir í sérnámsferli lækna sem Heilbrigðisráðuneytið og Embætti landlæknis viðurkenna, hvort heldur er um að ræða ráðningar í hluta- eða fullar stöður, óháð tímalengd ráðningar. Varðandi starfs- eða sérnám sem fer fram erlendis, þá miðast leyfisveiting af hálfu Embættis landlæknis við íslensk lög og reglugerðir, og eins og við á hverju sinni við reglur viðkomandi lands innan Evrópusambandsins (ESB) og Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Tekið er mið hérlendis af evrópskum reglum og tilmælum undirstofnana ESB á sviði læknisfræði, svo sem UEMS, samtökum sérfræðilækna í Evrópu, og UEMO, samtökum heilsugæslu- og heimilislækna í Evrópu, sjá lið 2.23. Um er að ræða almennar reglur og

---

<sup>1</sup> Þýðing og aðlögun 2020-2022: Reynir Tómas Geirsson, dr.med., FRCOG, fyrrv. prófessor/yfirlæknir, Landspítala.

tilmæli sem stjórnvöld á Íslandi eru eftir atvikum bundin af gegnum evrópskt regluverk og viðeigandi eftirlitsstofnanir, s.s. ESA (European Surveillance Authority).

1.4 Í skjalinu/handbókinni er með *sérfræðinámi* bæði átt við fyrstu stig sérnáms lækna (kjarnanám, e. core training) og sérnám á hærri stigum (framhaldssérnám, e. higher specialty training/advanced training). Það tekur til allra sérgreina sem unnt er að stunda sérnám í á Íslandi, bæði í heilsugæslu, á sjúkrastofnunum eða öðrum heilbrigðisstofnunum/heilbrigðisfyrirtækjum sem viðurkennd hafa verið af mats- og hæfisnefnd til þess að veita sérnám skv. reglugerð nr. 467/2015.

1.5. Allar læknisstöður sem varða sérnámsgrunn eða sérfræðinám skulu auglýstar og ráðið í þær eftir gagnsæu og opnu ráðningarferli.

1.6 Landspítalinn (LSH), Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk) og heilsugæslan gegnum Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (PÍH) halda sameiginlega skrá um lækna í sérnámsgrunni- og sérnámslækna. Mats- og hæfisnefnd og blokkanefnd sjá um framkvæmd þessa með tilvísan í reglugerð nr. 467/2015. Embætti landlæknis heldur starfsleyfaskrá, þ.m.t. um lækna með lækningaleyfi (almenna lækna, lækna með sérfræðileyfi, leyfi í undir- eða viðbótarsérgrein). Starfsleyfaskrá er birt á vefsíðu Embættis landlæknis.

1.7 Skrár yfir lækna í meistara- eða doktorsnámi sem tengjast sérnámsgrunni- eða sérfræðinámi á Íslandi eru haldnar af Háskóla Íslands (Læknadeild) og öðrum háskólastofnunum ef við á.

1.8 Nám og vinna í sérnámsgrunni og sérnám í læknisfræði skal stunda í samfellu. Verði tafir á því í lengur en tvö ár skal námsframvindan endurmetin m.t.t. þess að ávinningur af námi hafi ekki tapast. Um leið skal ákvarða hvort læknir í sérnámsgrunni eða sérnámslæknir geti áfram talist í virku námi og nafn hans/hennar sé þar með áfram í viðeigandi skrá(m) yfir sérnámslækna.

1.9 Að öðru leyti er vísað til lagaákvæða og reglugerða er varða heilbrigðis- og menntamál, hvort sem þeirra er getið í þessu skjali eða ekki.

1.10 Þetta skjal/handbók og leiðbeiningar sem þar eru gefnar, eru á forræði mats- og hæfisnefndar og eru birtar með stuðningi Embættis landlæknis, þ.m.t. rafrænt á heimavefsvæði nefndarinnar og hjá Embætti landlæknis.

1.11 Framhaldsmenntunarráð lækninga (FMRL), sem ráðgefandi samstarfsvettvangur kennslustjóra allra sérgreina, forseti Læknadeildar Háskóla Íslands og fulltrúar almennra lækna/sérnámslækna, geta verið umsagnaraðilar um fyrirliggjandi Almennar leiðbeiningar og viðmið um sérnám lækna á Íslandi (Gullbókina), en mats- og hæfisnefnd ber ábyrgð á birtingu hennar, breytingum, árlegri yfirferð og endurskoðun. Ef til breytinga kemur skulu þær samþykktar í samvinnu mats- og hæfisnefndar og FMRL og birtar í nýrri útgáfu Gullbókarinnar á heimavefsíðum mats- og hæfisnefndar og Embættis landlæknis fyrir 1. desember ár hvert.

## 2. kafli: Hlutverk og ábyrgð.

### Nám við heilbrigðisstofnanir á Íslandi

- 2.1. Á Íslandi fer grunnám í læknisfræði fram við Læknadeild Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og er því á forræði menntamálaráðuneytisins. Að loknu þriggja ára námi og rannsóknarverkefni öðlast læknanemi á Íslandi BS-gráðu, en kandidatsgráðu (cand.med.) að loknu 6 ára heildarnámi. Rannsóknatengt nám í heilbrigðisvísindum til námsskírteinis (diploma), meistara- eða doktorsnáms er einnig í boði við háskóla hérlandis og heyrir undir menntamálaráðuneytið. Læknar í sérnámi á Íslandi geta hafa lokið læknisfræðinámi erlendis og hlotið þar almennt lækningaleyfi samkvæmt lögum og reglum viðkomandi lands. Slíkt nám og lækningaleyfi skal samþykkt af Embætti landlæknis áður en sótt er um stöður í sérnámsgrunni og/eða sérnámi á Íslandi.
- 2.2. Sérnám í lækningum til sérfræðiviðurkenningar fer fram sem launað og starfstengt kjarna- og framhaldssérnám við heilbrigðisstofnanir og er því á forræði heilbrigðisráðuneytisins. Ráðuneytið felur stjórnnum heilbrigðisstofnana og þá sérstaklega framkvæmdastjórum lækninga og eftir atvikum menntadeildum heilbrigðisstofnana, framkvæmd, fyrirkomulag og umsjá sérnámsgrunns- og sérnáms lækna (*Lög um heilbrigðisþjónustu*, 40/2007). Eitt af hlutverkum heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi er þátttaka í menntun heilbrigðisstétta til þess að hægt sé að tryggja sjúklingum og almennum borgurum sem best aðgengi að nútímalegri og stöðugt uppfærðri heilbrigðisþjónustu, sem svari kröfum samtímans.
- 2.3. Heilbrigðisþjónustan og íslenskar heilbrigðisstofnanir standa fyrir og hafa aðkomu að framhaldsmenntun, starfsnámi, sérnámsgrunni lækna, sér- og framhaldsnámi og símenntun lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks. Þeim ber að styðja við tilvist og uppbyggingu menntunar, þ.m.t. með aðkomu að námstækifærum og stjórnun námsframboðs í heilbrigðisgreinum. Þetta innifelur skyldu alls heilbrigðisstarfsfólks til að taka þátt í menntunarstarfi á þeirri stofnun þar sem viðkomandi starfar og að leiðbeina og kenna í samræmi við stefnu hverrar heilbrigðisstofnunar þar um.
- 2.4. Heilbrigðisstofnanir geta haft menntadeildir eða viðeigandi stjórnunaraðila til að sinna menntun heilbrigðisstétta. Menntun í heilbrigðisfræðum/heilbrigðisvísindum (grunn-, starfs-, framhalds- og sérnám) skal fara fram með skipulögðum hætti, byggja á viðurkenndum marklýsingum sem standast alþjóðlegan samanburð og fylgja alþjóðlegum stöðlum fyrir hverja námsgrein, þ.m.t. í sérnámi lækna. Námsstaðir skulu viðurkenndir með sömu formerkjum. Hvað sérnám lækna varðar (þ.m.t. sérnámsgrunn), þá er það framkvæmt með tilvísun í 7., 8. og 15. greinar í reglugerð nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Sérstaklega skal stefnt að því að námstækifæri, námsframboð, sérnám og símenntun séu í háum gæðaflokki, með svipuðum námsviðmiðum og matskerfi og eru notuð í samsvarandi námi í helstu nágrannaríkjum Íslands.

- 2.5. Námskeið sem tengjast heilbrigðisþjónustu skulu vera aðgengileg eftir því sem þarf til að ná markmiðum námsleiðanna, bæði á heilbrigðisstofnunum sjálfum, í menntastofnunum svo sem háskólum þar sem heilbrigðisvísindi eða skyldar greinar eru kenndar, eða á öðrum hliðstæðum námsstofnunum eða fagsamtökum á Íslandi og erlendis, m.a. með hliðsjón af rétti til símenntunar samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stétta (þ.m.t. lækna).
- 2.6. Heilbrigðisgreinar taka til allra löggiltra heilbrigðisstétta sem heilbrigðisráðuneytið ákveður að fella undir lög um heilbrigðisstéttir (sbr. sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 34/2012), þ.m.t. lækna. Vegna smæðar íslensks samfélags er ekki unnt að bjóða nám í öllum sérgreinum lækninga og í öðrum ekki nema að hluta. Í mörgum sérgreinum lækninga, sem viðurkenndar eru á Íslandi eða erlendis, er sérnám ekki í boði á Íslandi.
- 2.7. Á Íslandi er ábyrgð og framkvæmd á sérnámsgrunni- og sérnámi lækna á Landspítalanum (Landspítala háskólasjúkrahúsi, LSH), í heilbrigðis- og heilsugæsluumdæmum landsins, á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK), en getur verið á öðrum deildaskiptum stærri sjúkrahúsum eða heilbrigðisfyrirtækjum í samræmi við viðurkenningu mats- og hæfisnefndar samkvæmt reglugerð nr. 467/2015. Jafnan er ein aðalstöð sérnáms í hverri sérgrein, en viðbótarstöðvar geta verið samkvæmt samningi milli aðal- og viðbótarstöðva, þar sem fram fer tiltekinn hluti sérnámsins. Á LSH og SAK fer sérnámsgrunns- og sérnám lækna fram á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga sem er handhafi ráðningavalds vegna lækna þar. Yfirlæknir sérnáms á spítalanum sér um almenna framkvæmd sérnáms á LSH og er formaður FMRL í samræmi við starfsreglur ráðsins. Sjúkrahúsið á Akureyri á aðild að því. Innan heilsugæslunnar ber Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) ábyrgð á framkvæmd sérnáms og kennslustjóri þess er í FMRL. Á SAK starfar menntadeild á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga að samskonar málefnum. Semja má um aðkomu annara stofnana, þ.m.t. í einkarekstri, um tiltekna þátttöku í sérfræðinámi lækna.
- 2.8. Læknar í sérnámsgrunni og sérnámi eru ráðnir í launaðar læknisstöður. Það felur í sér starfsskyldur innan viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Þær skyldur taka til allra almennra starfa sem til er ætlast af stjórnendum með hliðsjón af almennum og sértækum reglum (þ.m.t. siðareglum). Í því felast tvíhliða réttindi og skyldur stjórnenda stofnunar og starfsfólks þess, bæði vegna vinnuframlags og vegna grunn-, starfs-, framhalds-, sér- og símenntunar.
- 2.9. Stefnyfirlýsingar einstakra stofnana eins og þær birtast á heimasíðu eða öðrum hliðstæðum vettvangi taka m.a. til menntunar. Á Landspítala má finna ítarlegar upplýsingar um stefnu og starfsáætlun spítalans (<https://www.landspitali.is/um-landspitala/stefna-og-starfsaaetlun/stefna-landspitala/>). Hliðstæð viðmið eru fyrir heilsugæsluna og SAK.
- 2.10. Sérgreinafélög eða samtök lækna geta haft aðkomu að gerð marklýsinga, skipulagi, stefnumótun og framkvæmd sérnáms sem fer fram innan heilbrigðisstofnana. Samvinna er við háskóladeildir og aðrar viðurkenndar menntastofnanir eins og við á hverju sinni.



- 2.11. Embætti landlæknis fer með eftirlits- og ráðgjafarhlutverk í íslensku heilbrigðiskerfi, þ.m.t. vegna menntunar á heilbrigðisstofnunum. Embætti landlæknis starfar í samræmi við lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Samkvæmt lögnum er embættinu ætlað að stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og efla lýðheilsustarf í landinu (<https://www.landlaeknir.is/um-embættid/#meginhlutverk>). Þetta tekur til námsframboðs af háum gæðastaðli, aðgengi að námi og námstækifærum svo sem raunhæft er á hverjum tíma, og leyfisveitingum til lækna og annarra heilbrigðisstétta samkvæmt viðeigandi lögum, reglugerðum og starfsvenjum embættisins. Embættið stuðlar að fullnægjandi gæðum í menntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við alþjóðlega staðla, einkum m.t.t. Norðurlanda og Evrópu.
- 2.12. Læknar í sérnámi á Íslandi þurfa ekki sértakar tryggingar, en eru tryggðir gegnum ráðningarsamning meðan þeir fylgja almennum viðmiðum, starfs- og verklagsreglum og vinnuleiðbeiningum þeirrar stofnunar sem þeir vinna hjá. Læknar í sérnámsgrunni- og sérnámi vinna á ábyrgð viðkomandi næsta yfirmanns samkvæmt skipuriti og ákvörðunum stofnunar, og í samræmi við almennar leiðbeiningar Embættis landslæknis, þ.m.t. um Góða starfshætti lækna (<https://www.landlaeknir.is/um-embættid/frettir/frett/item32439/leidbeiningar-um-goda-starfshaetti-laekna>). Læknum í námi á heilbrigðisstofnunum ber að framfylgja tilmælum stofnunarinnar um skráða framvindu náms samkvæmt marklýsingum um einstakar sérgreinar og virða almennar leiðbeiningar og viðmið um framkvæmd sérnáms lækna á Íslandi (“Gullbókin”). Yfirmenn stofnunarinnar og mats- og hæfisnefnd, skv. 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015, hafa eftirlitsskyldu hvað þetta varðar og þar með aðkomu að gögnum í samræmi við reglur stofnunarinnar og í samráði við viðkomandi starfsmann/lækni, með hliðsjón af lögum um persónuvernd. Embætti landlæknis veitir sérfræðileysi á grundvelli upplýsinga um tilskylda námsframvindu og námslok einstakra umsækjenda.
- 2.13. Mannauðsstefna stofnana, starfsreglur menntadeilda, ákvæði um framhaldsmenntun á hverri stofnun og marklýsingar sérgreina eiga að tilgreina hvernig staðið er að inntöku í nám og eftirliti með námsframvindu. Þetta skal samræmt eins og kostur er, þ.m.t. í samræmi við fyrirliggjandi Almennar leiðbeiningar og viðmið um sérnám lækna á Íslandi (“Gullbókina”) og reglur einstakra sérgreina samkvæmt marklýsingu. Stofnanir sem sjá um sérnám í læknisfræði á Íslandi (LSH, SAK, PÍH) halda sameiginlega skrá sem er uppfærð eftir ráðningarskipti (sjá lið 3.6) eða við sérnámslok. Mats- og hæfisnefnd sér um framkvæmd og viðhald skrárinnar f.h. stofnananna. Slíkar skrár má einnig halda fyrir hverja einstaka námsstofnun eða sérgrein. Embætti landlæknis getur óskað eftir upplýsingum úr skránni.
- 2.14. Fjöldi sérnámslækna í hverri sérgrein skal ákveðinn fyrirfram með hliðsjón af tilmælum frá mats- og hæfisnefnd. Hver sérnámslæknir fær auðkennisnúmer (sjá lið 3.6). Námsmat fer fram a.m.k.

árlega til ákvörðunar varðandi framvindu sérnáms og þar með áframhaldandi skráningu viðkomandi sérnámslæknis.

- 2.15. Kennslustjóri sérgreinar á viðurkenndum námsstað þar sem sérnám fer fram samkvæmt marklýsingu sem mats- og hæfisnefnd hefur samþykkt, gefur út vottorð um lok á hlutanámi og þar sem við á um full námslok í sérgrein lækninga.
- 2.16. Embætti landlæknis veitir sérfræðileyfi samkvæmt umsóknarferli sem tilgreint er á heimasíðu embættisins. Marklýsingar og framkvæmd sérnáms sem viðurkennt er til sérfræðileyfis á Íslandi á að uppfylla lágmarkskröfur evrópsku sérgreinasamtakanna UEMS og UEMO, m.a. til að tryggja íslenskum sérfræðilæknum starfsmöguleika í öðrum Evrópulöndum.

### **Um stjórnun sérnáms á Íslandi**

- 2.17. Sérnám í læknisfræði á Íslandi fer fram samkvæmt reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi (nr. 467/2015 með viðbótum og uppfærslum), sem gefin er út af heilbrigðisráðuneytinu. Samkvæmt reglugerðinni skipar ráðuneytið fimm manna nefnd, svokallaða mats- og hæfisnefnd (e. Evaluation and Accreditation Committee (EAC)) til að yfirfara og samþykkja marklýsingar og viðurkenna námsstaði þar sem skipulegt sérnám fer fram. Ráðherra tilnefnir formann, en aðrir nefndarmenn (fjórir aðalmenn og tveir varamenn) eru tilnefndir af Læknadeild Háskóla Íslands (H.Í.) og Læknafélagi Íslands (LÍ). Nefndin setur sér starfsreglur sem ráðherra samþykkir. Nefndin skilar skriflegum upplýsingum um samþykkt marklýsinga og námsstaða til ráðuneytisins og Embættis landlæknis og listi um samþykkt námsstaði og samþykktar marklýsingar er birtur á heimavefsvæði nefndarinnar og hjá Embætti landlæknis. Nefndin getur lagt til að viðurkenningar marklýsinga eða námsstaða séu afturkallaðar ef námsstaðlar eða framkvæmd náms eru ekki eins og fyrri leyfi segja til um. Nefndin getur leitað eftir álit og aðstoð bæði innanlands og erlendis (að fengnu leyfi, s.s. fyrir kostnaði, ef við á). Við útgáfu þessa skjals skipa nefndina enn þrjú aðilar, sbr. reglugerð nr. 467/2015.
- 2.18. Ekki er unnt að viðurkenna sérnám á Íslandi þar sem ekki er fyrir hendi og í notkun viðurkennd marklýsing og námsstaður/námsstaðir sem hafa verið viðurkenndir með tilvísun í reglugerð 467/2015. Sjá einnig ESB/EES Directive 2005/36/EB og skjalið Recognition of Professional Qualifications (Annex VII). Item pp. 13-15 on the award of evidence of formal qualifications to specialized doctors in Iceland under Directive 2005/36. Case No. 82773, Document 1076000 (dated Brussels, 28 June 2019).

- 2.19. Í hverri sérgrein sem býður fram sérnám skal hafa kennslustjóra og kennsluráð, þar sem fulltrúar eru valdir úr hópi handleiðara, viðeigandi yfirlækna, akademískra starfsmanna fræðasviðs sérgreinarinnar og sérnámslækna. Kennslustjóri er formaður og sér um skipan í kennsluráð sérgreinarinnar eftir samráð við samstarfsfólk. Kennslustjórar á Landspítala eru ráðnir á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga í skilgreint stöðuhlutfall og er yfirlæknir sérnáms þeirra næsti yfirmaður hvað þessi mál varða. Kennslustjórar á SAK bera ábyrgð gagnvart menntadeild SAK og í PÍH eins og við á, auk ábyrgðar gagnvart framkvæmdastjórum lækninga á viðkomandi stofnun þar sem sérnám fer fram.
- 2.20. Sérnám í læknisfræði á Íslandi hefur eina aðalkennslustöð. Séu kennslustöðvar fleiri í tiltekinni sérgrein (viðbótarstöðvar) skal vera skriflegur samningur um sérnámshluta sem fram fer á viðbótarstöðinni, um námsframboð þar og eftirlit með framvindu. Samningurinn er milli aðal- og viðbótarstöðvar.
- 2.21. Marklýsingar skulu vera ítarlegar og samrýmast samsvarandi marklýsingum fyrir sérgreinar í nágrannalöndum þaðan sem sérnámsviðmið eru einkum fengin (Norðurlönd, Bretland, Evrópusambandið). Þær skulu samrýmast kröfum ESB/EES, UEMS eða UEMO. Inntökuskilyrði, námsmarkmið, kröfur til námslækna og handleiðara þeirra, áfangaskiptingar, matsferli, matstímar og matsaðferðir skulu upp talin og standast alþjóðlega staðla, m.a. hvað varðar inntak og framkvæmd sérnámsins.
- 2.22. Í sérnámi lækna og eftir atvikum í samningum um sérnám milli stofnana, skal gert ráð fyrir að framvinda sérnámsins verði tryggð með nauðsynlegum forgangi í daglegu starfi. Getið skal ábyrgðarhlutverks kennslustjóra, kennsluráðs og framkvæmdastjórnar stofnunarinnar. Gerður skal sérstakur sérnámssamningur milli sérnámslæknis og aðal kennslustofnunar. Þar skal m.a. getið um réttindi og skyldur stofnunar og námslæknis, námskeið og fræðilega kennslu, námsleyfi skv. kjarasamningum, handleiðara og þjálfun þeirra til að taka að sér störf sérnámshandleiðara (e. educational supervisor) eða klíníks handleiðara (e. clinical supervisor), stoðgögn svo sem aðgengi að fræðilegu efni í prentuðu eða rafrænu formi, aðgengi að skráningu námsframvindu (rafrænt, e. e.portfolio eða skjalfest með öðrum hætti) og hermikennslu. Áform um framþróun námsins skulu vera til á hverjum tíma og uppfærð með tilvísan til nágrannalanda.

### **Fyrirkomulag sérnáms í Evrópu**

- 2.23 Innan Evrópusambandsins (ESB) og þar með Evrópska efnahagsvæðisins (EES) er reynt að samhæfa meginatriði í sérnámi lækna. Í tilskipun ESB nr. 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, er kveðið á um almenn skilyrði varðandi sérnám lækna. Innan ESB eru tvö

stjórnsýslusamtök, UEMS (Union Européenne des Médecins Spécialés, samtök evrópskra sérfræðilækna) og UEMO (Union Européenne des Médecins Omnipraticiens, samtök evrópskra heimilislækna). Samtökin setja almenn viðmið um lengd og innihald sérnáms og veitingu sérfræðileyfa fyrir þær sérgreinar sem viðurkenndar hafa verið innan Evrópusambandsins. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fylgist með afgreiðslu sérfræðileyfa hér á landi.

2.24 *Sérnám í læknisfræði er að jafnaði á áhugasviði og í umsjá þriggja aðila:* 1) fagsamtaka sérfræðilækna (fræðileg fagþekking), 2) heilbrigðisstofnana og heilbrigðiskerfa (sérnám meðfram vinnu/starfi á stofnunum) og 3) háskóla/læknadeilda (akademískt nám).

Samtök eða félag sérfræðilækna innan hvers lands setja gjarnan hin fræðilegu og “praktísku” viðmið (námskröfur) fyrir viðkomandi land. Þannig sjá þau, einkum í norðvestanverðri álfunni, um fræðilegar kröfur og stuðla um leið að því að halda uppi námsframboði sem hæfir markmiðum sérnámsins. Í Bretlandi er þetta gert gegnum sérfræðistofnanir á vegum samtaka sérfræðilækna (Royal Colleges) en í Svíþjóð gegnum samtök sérfræðilækna (Svenska specialistföreningar). Þessi samtök/stofnanir gangast fyrir matsferlum og sérfræðiprófum til að meta hvort þekking á sérgreininni og fræðilegum bakgrunni hennar og framvinda sérnámsins (þ.m.t. geta og færni) sé tilhlýðileg. Í mörgum, en ekki öllum löndum, eru próf (í einum eða fleiri prófáföngum) notuð til að tryggja að sérnámslæknirinn hafi náð þeirri faglegu þekkingu sem talið er nauðsynlegt að hann/hún hafi tileinkað sér. Annarsstaðar er krafist viðveru á tilgreindum námskeiðum með eða án prófa. Sums staðar, eins og í Bretlandi, eru prófin forsenda fyrir því að ljúka sérfræðináminu eða áföngum í því, og fá sérfræðiviðurkenningu. Sérnámið fer fram samkvæmt viðurkenndri marklýsingu fyrir hverja sérgrein (e. curriculum/guidance; sv. målbeskrivning).

Verklegt sérnám fer fram á vegum heilbrigðisstofnana, enda víðast nauðsynlegt að um launað starfsnám sé að ræða. Heilbrigðisstofnanir bjóða líka fræðilegt nám sem á að falla að almennu sérnámsmarkmiðunum. Heilbrigðisstofnanir sjá þannig um að sérnámslæknirinn öðlist faglega færni og tileinki sér góða starfshætti. Þetta er gert með matsferlum sem notuð eru stöðugt meðan sérnámið fer fram, einkum í klínísku sérnámi. Klínísk færni eða geta er metin samhliða fræðilegu sérnámi.

Akademískt eða rannsóknatengt nám, t.a.m. meistara- eða doktorsnám í viðkomandi sérgrein, er víðast á höndum háskóla eða sambærilegra æðri menntastofnana.

Stjórnun sérnámgrunnns og sérnámsins er víðast hvar á hendi heilbrigðisyfirvalda eða heilbrigðisstofnana, stundum í samvinnu við æðri menntastofnanir.

Landlæknisembættin (Directorates of Health, s.s. General Medical Council í Bretlandi, Socialstyrelsen í Svíþjóð) meta sérnámið sem til þess bært yfirvald (e. competent authority) við lok þess og veita sérfræðileyfi að fenginni formlegri umsókn. Tengd því eru eftirlitskerfi til að tryggja að sérnámið standist þær kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma, að marklýsingar séu fullnægjandi og uppfærðar, og að námsstaðir séu nægilega góðir (e. accreditation), sbr. reglugerð nr. 467/2015.

## Fyrirkomulag sérnáms á Íslandi

2.25 Sérnám á Íslandi getur falist í fullu sérnámi, en líka upphafsnámi eða grunni sérnámins (kjarnanám, 2-3 ár) og er þá nauðsynlegt að ljúka sérnáminu við erlendar stofnanir. Við ákvörðun um lengd sérnáms sem veitt er á Íslandi skal m.a. taka mið af framboði námstækifæra og handleiðslugetu, með hliðsjón af lágmarkskröfum ESB og viðeigandi ákvæðum ESB/EES, sbr. Directive 2005/36/EB. Sérnámsframboð er misjafnt eftir sérgreinum og ekki er unnt á Íslandi að hafa í boði sérnám í öllum sérgreinum sem viðurkenndar eru innan/utan ESB. Á undan formlegu sérnámi skal læknir hafa lokið almennu starfsnámi sem nefnist sérnámsgrunnur. Þar gildir sérstök og ein marklýsing fyrir alla lækna. Sérnámsgrunni er stýrt af sérstakri nefnd, blokkanevnd skv. reglugerð nr. 467/2015.

Íslensk sérgreinafélög, í samvinnu við akademíska forstöðu fræðigreina innan Læknadeildar Háskóla Íslands og einstaka klíníska yfirmenn, hafa beitt sér fyrir gerð marklýsinga og uppsetningu sérnámstilboða. Fylgt hefur verið breskum, evrópskum og sænskum marklýsingum við uppsetningu sérnámsins. Samkvæmt reglugerð nr. 467/2015 verður sérnám að vera framvirkt, þ.e.a.s. í samræmi við viðurkennda marklýsingu sem er fylgt frá upphafi sérnámsins, og á heilbrigðisstofnun sem hefur verið formlega viðurkennd sem slík. Þetta gildir bæði um kjarnasérnám (e. core training) og framhaldssérnám (e. higher specialty training), í samræmi við tilskipun ESB nr. 2005/36/EB. Mats- og hæfisnefnd sér samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 467/2025 um að viðurkenna og endurmeta reglubundið marklýsingar og gera úttektir á og samþykkja staði þar sem sérnám getur farið fram. Nefndin heyrir undir heilbrigðisráðuneytið en hefur aðsetur á Landspítalanum. Heilbrigðisráðuneytið, Læknafélag Íslands og Læknadeild Háskóla Íslands tilnefna nefndarmenn.

Læknadeild Háskóla Íslands sér um grunnnám í læknisfræði og býður fram rannsóknatengt nám til meistara- eða doktorsprófgráðu, eða getur sett á fót þrengri fræðilegar námsbrautir sem leiða til skírteinis (t.d. diplómanám). Læknadeildin er tilnefningaraðili í ýmsar stýrinefndir sem varða framkvæmd læknisfræði og lækninga á Íslandi. Aðrir slíkir aðilar geta verið Læknafélag Íslands, sérgreinafélögin eða Embætti landlæknis.

Sérnámið fer fram á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga á einstökum heilbrigðisstofnunum sem hlotið hafa til þess viðurkenningu mats- og hæfisnefndar. Almenn stjórn framhaldsnámsins á stærri stofnun eða sjúkrahúsi getur verið í formi framhaldsmenntunarráðs/ráða, sem aftur eru í tengslum við menntadeildir stofnananna og ábyrgðaraðila stofnananna, þ.e. framkvæmdastjóra lækninga.

Próunarmiðstöð íslenskra heilsugæslu (ÞÍH) gegnir svipuð hlutverki hvað sérnám í heimilislækningum varðar.

Framkvæmdastjóri lækninga og/eða ÞÍH bera ábyrgð gagnvart stjórn viðkomandi stofnunar á sjúkrahúsi eða í heilsugæslu á að sérnámið fari fram eins og til er ætlast samkvæmt marklýsingu, að stuðningur við kennslustjóra og kennsluráð sé fyrir hendi, þ.m.t. tími og tækifæri til að sinna starfinu og aðstoð við framkvæmdaatriði, að sérfræðilæknar geti bætt við sig þekkingu á handleiðarastörfum, að starfsdagar, fyrirlestrar, hópvinna og önnur fagleg og þverfagleg starfsemi sé í gangi, að aðstaða sé til verklegrar kennslu, þ.m.t. hermikennslu, að beinn eða rafrænn aðgangur sé að bóka- og tímaritakosti.

Kennslustjórar hvorrar sérgreinar eða námsstaðar sjá um daglega framkvæmd sérnámsins. Þeir sjá til þess að sérnámslæknir fái námstækifæri sem gera þeim kleyft að tileinka sér þau faglegu atriði sem lýst er í marklýsingu. Í því felast m.a. tækifæri til að sækja faglega fundi og námskeið sem þarf að taka, námsleyfi samkvæmt kjarasamingum, að handleiðarar séu tiltækir, bæði sérnámshandleiðarar (e. educational supervisors) og klínískir handleiðarar (e. clinical supervisors). Kennslustjórar hafa kennsluráð sér til fulltingis. Þeir fylgjast með framgangi sérnámslækna og almennri velferð þeirra. Kennslustjórar sjá einnig til þess að handleiðarar viðhaldi og bæti við þekkingu sína.

Sérnámslæknar eru ráðnir að undangenginni auglýsingu á sérnámsstöðum og undirgangast reglubundið mat á námsframvindu. Við þá skal gerður skriflegur samningur um sérnámið af hálfu heilbrigðisstofnunarinnar þar sem sérnámið fer fram. Þar með eru þeir formlega skráðir í sérnámið og gagnkvæm réttindi og skyldur vegna sérnámsins eru tilgreindar. Að auki hefur hver sérnámslæknir almennan ráðningarsamning sem tekur til launa og almennra ráðningarkjara.

## Hlutverk embættis landlæknis

2.26 Embætti landlæknis er gömul stofnun innan íslensks heilbrigðiskerfis. Hlutverk þess er margþætt sem ráðgjafi stjórnvalda, í forvarna- og heilsueflingarverkefnum, lýðheilsustarfi, gæðapróun, eftirliti með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsfólki, lyfjaávisunum og lyfjanotkun, og veitingu starfsleyfa til löggiltra heilbrigðisstétta.

2.27 Embætti landlæknis (<https://www.landlaeknir.is/um-embattid/>) starfar í samræmi við lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, en er undir yfirstjórn heilbrigðisráðuneytisins. Landlæknir starfar í umboði ráðherra og er framkvæmdastjóri embættisins. Embættinu er ætlað að stuðla að heilbrigði landsmanna, tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og efla lýðheilsustarf í landinu. Framtíðarsýn embættisins er góð heilsa og vellíðan landsmanna byggð á heilsueflingu, forvörnum og aðgengilegri og öruggri heilbrigðisþjónustu sem styðst við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

Meginhlutverk embættisins eru skv. 4. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu, þessi:

- Að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni á verkswiði embættisins.
- Að annast forvarna- og heilsueflingarverkefni.
- Að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa og styðja við menntun á sviði lýðheilsu.
- Að vinna að gæðapróun.
- Að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsfólki.
- Að hafa eftirlit með lyfjaávisunum, fylgjast með og stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna.
- Að hafa eftirlit með starfsemi lífsýnasafna og söfnum heilbrigðisupplýsinga í samræmi við lög um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga.
- Að veita starfsleyfi til löggiltra heilbrigðisstétta.
- Að stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur á hverjum tíma og styðja við menntun á sviði lýðheilsu.
- Að sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu.
- Að bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna, sbr. sóttvarnalög.
- Að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu.
- Að stuðla að rannsóknum á starfssviðum embættisins.
- Að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu.
- Að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið.
- Að sinna öðrum verkefnum, samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

Önnur verkefni eru meðal annars að gefa út fagleg fyrirmæli og leiðbeiningar, halda skrár yfir rekstraraðila heilbrigðisþjónustu og löggilta heilbrigðisstarfsmenn, skipuleggja og halda skrár á landsvísu um heilsufar, fæðingar, dauðsföll og dánarmein, sjúkdóma, slys, lyfjaávisanir, og starfsemi og árangur heilbrigðisþjónustu. Þá gefur embættið út heilbrigðisskýrslur, fylgist með óvæntum atvikum í heilbrigðisþjónustiu, metur gæði og árangur heilbrigðisþjónustu og birtir slíkar niðurstöður í heilbrigðisskýrslum. Víðtækt alþjóðlegt samstarf er meðal verkefna embættisins. Fleiri lagaákvæði um hlutverk embættisins er m.a. að finna í [sóttvarnalögum nr. 19/1997](#), lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og í lögum um heilbrigðisþjónustu [nr. 40/2007](#). Embættið ákveður hverjir mega kallast lækna og hverjir megi starfa sem slíkir á Íslandi, veitir almenn lækningaleyfi og sérfræðileyfi, setur viðmið um góða starfshætti lækna og fylgist með því að lækna viðhafi þá gæðastaðla í störfum sínum sem krafist er þar og í siðareglum lækna (Codex Ethicus, [www.lis.is](http://www.lis.is)). Embætti landlæknis fylgist með vinnustöðlum á opinberum og einkareknum heilbrigðisstofnunum á Íslandi og kemur með þeim hætti að gæðaeftirliti í lækningum og heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Mats- og hæfisnefnd skv. 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015 tengist embætti landlæknis gegnum aðkomu að gæðavottun marklýsinga og sérnámsstaða.

Embættið heldur skrá um viðurkennt sérnám í læknisfræði á Íslandi og birtir á heimasíðu sinni allar marklýsingar sérnáms á Íslandi og jafnframt skrá um viðurkennda námsstaði. Marklýsingar geta verið almennar, s.s um sérnámsgrunn (“kandidatsár”) og Almennar leiðbeiningar og viðmið fyrir sérnám lækna á Íslandi, og sértækar fyrir hverja sérgrein. Marklýsingar eiga að innihalda lýsingu á því hvernig náð er góðri fagþekkingu, getu, færni, hæfni, framförum og samskiptafærni á námstímanum og hvernig þau og fleiri atriði eru metin á námstíma á Íslandi og við lok hans. Aðeins má hér á landi notast við marklýsingar sem mats- og hæfnisnefnd skv. reglugerð nr. 467/2015 hefur samþykkt.

2.28 Embætti landlæknis veitir almennt lækningaleyfi að loknu læknanámi og sérfræðileyfi að loknu sérnámi hérlendis eða erlendis. Skilyrði fyrir veitingu þessara leyfa eru upptalin í reglugerð nr. 467/2015. Embættið skipar nefnd til að yfirfara umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin veitir umsögn um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir veitingu sérfræðileyfis. Embætti landlæknis getur samþykkt sérfræðileyfi frá öðrum ríkjum innan ESB/EES eða Sviss, og viðurkennt sérnám í öðrum ríkjum ef það telst sambærilegt því sem er í ESB/EES. Embættið getur einungis veitt sérfræðileyfi eftir nám á Íslandi í þeim sérgreinum lækninga þar sem fullt sérnám er í boði á Íslandi og marklýsing og viðurkenning námsstaðar liggur fyrir um. Hluta sérnáms má taka við erlenda stofnun sem þarf að hafa viðurkenningu til að veita sérnám í því landi sem um ræðir. Þar þarf að vera fylgt sambærilegri marklýsingu og notuð var í sérnáminu á Íslandi. Námsframvinda sérnámslæknis þarf einnig að vera vottuð með sambærilegum hætti, bæði í rauntíma og við lok námstímans. Sérnámi má því ljúka á Íslandi eftir dvöl erlendis ef viðurkennda marklýsingin á Íslandi tekur fulls sérnáms og þar með tímans fram að lokum sérnáms.

2.29 Námslokaskírteini frá viðurkenndum læknaskóla eða læknadeild háskóla, hérlendis eða erlendis, sem embætti landlæknis metur gild (e. CCT, certificate of completed training), eru forsenda fyrir veitingu starfsleyfis/sérfræðileyfis. Þetta gildir bæði um almenn læknisstörf, s.s. á sérnámsgrunnsári (“kandidatsári”) eða eftir það, og/eða í sérfræðistörfum (þ.m.t. einkastarfsstöðvum). Lækningaleyfi eru veitt að loknu sérnámsgrunnsári skv. reglugerð nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Þeim tíma verður að vera lokið áður en unnt er að hefja sérfræðinám. Þetta getur líka átt við um þá sem lokið hafa læknanámi í ríkjum ESB/EES þar sem próf frá læknaskóla (cand.med., MD eða sambærilegar prófgráður) veita lækningaleyfi samhliða lokaprófi í læknisfræði. Íslenskar heilbrigðisstofnanir geta einnig gert sérnámsgrunnstíma („kandidatsár“) að skilyrði ráðningar í sérnám.



## Sérnám á Norðurlöndum og í Bretlandi

2.30 Sérnámslæknum sem ætla sér að fara til framhaldsstarfa eða til að ljúka sérnámi erlendis er bent á að kynna sér reglur viðkomandi lands um lækningaleyfi og skráningu. Í Danmörku er það hjá Sundhestystyrelsen, í Svíþjóð hjá Socialstyrelsen og í Noregi hjá Helsedirektoratet. Í Bretlandi er samsvarandi stofnun nefnd General Medical Council. Breskar viðurkenningar um sérnám eru skammstafaðar með stöfunum CCT (e. certificate of completed training), CESR(CT)/CEGPR(CP) eða CEGPR(AP). Leita má upplýsinga á veraldarvefnum varðandi önnur lönd.

2.31 Vegna víðtækrar samvinnu við bresk sérgreinasamtök eru mörg fyrirbyggjandi almenn viðmið og leiðbeiningar um sérnám á Íslandi og marklýsingar fengin þaðan. Í Bretlandi setja samtök sérfræðilækna (Royal Colleges) fram marklýsingar sérnáms, en breska landlæknisembættið (General Medical Council, GMC) hefur birt viðmiðunarreglur um gerð þeirra, sem miðað er við á Íslandi, sjá <https://www.gmc-uk.org/education/standards-guidance-and-curricula/standards-and-outcomes/excellence-by-design>. Breið samvinna við háskóladeildir í læknisfræði og framkvæmdastjórnir heilbrigðisstofnana er viðhöfð til að tryggja góða framkvæmd og staðla í sérnámi lækna, m.a. með aðkomu og eftirliti með námsstöðum, þ.m.t. við árlegt frammistöðumat sérnámslækna (ARCP, e. annual review of competency progression). Skráning í sérnám verður að vera formleg. Tilsvarandi fyrirkomulag er á Norðurlöndunum, þ.m.t. á Íslandi.

## Vottun sérnáms á Íslandi

2.32 Samsvarandi starfsemi og hjá breskum sérfræðilæknasamtökum fer á Íslandi fram gegnum kennslustjórum og kennsluráðum sérnámsins, sem bera ábyrgð gagnvart framkvæmdastjóra lækninga á hverjum viðurkenndum námsstað í samráði við yfirlækni sérnáms á LSH. FMRL er ráðgefandi samráðsvettvangur kennslustjóra fyrir LSH, SAK og PÍH. Hlutverk þessara aðila er að tryggja að sérnámsáætlanir („prógrömm“) standist, að gæðakröfur séu virtar, að fylgst sé með framgangi sérnámslækna með reglubundnum hætti og stuðningur veittur eins og þarf, að námsferilskrár og námsmatsgögn séu aðgengileg og góð, þ.m.t. rafrænt (e. eportfolio), í loggbókum og tengdum gögnum. Þetta skapar grundvöll fyrir vottorðum um stöðu eða lok sérnáms, og yfirfærslu gagna til erlendra aðila ef sérnámslæknir fer til að ljúka sérnámi erlendis eða ætlar í frekara nám. Mats- og hæfisnefnd samkvæmt reglugerð nr. 467/2015 sér um viðurkenningu marklýsinga og uppfærslur þeirra, og um viðurkenningu sérnámsstaða, hefur eftirlit með sérnámi lækna, með því að almennum leiðbeiningum og viðmiðum um sérnám sé fylgt, að gæðastöðum og gæðaviðmiðum sé fylgt og að uppfærð skrá um lækna í sérnámsgrunni og sérnámi sé haldin.

## Skipulagt framhaldsnám að loknu læknanámi

2.33 Skipulagt framhaldsnám eftir læknanám í háskóla (e. postgraduate medical training programme) er starfstengt nám sem sett er upp með marklýsingu þannig að sérnámslæknir færast með fyrirfram ákveðnum hætti gegnum námsstöður og staðsetningar á sjúkradeildum sem hæfa hverri sérgrein og hverju stigi sérnámsins. Á Íslandi þarf mats- og hæfisnefnd skv. reglugerð 467/2015 að samþykkja bæði marklýsinguna og námsstaði. Sérgreinarnar sjálfar setja upp marklýsingarnar, oft í samvinnu við erlenda aðila sem eiga slíkar marklýsingar tilbúnar, en aðlaga þær íslenskum aðstæðum. Um leið er tilfærsla milli stöðva eða eininga á námsstöðunum ákveðin. Rök þarf að færa fyrir skipulaginu og að á sérnámsstaðnum séu aðstæður og geta til að bjóða sérnámið fyrir hendi. Um eina heild verður að vera að ræða og einstakar undirgreinar eða staðir sem tengjast sérgreininni til að veita aukalega sérhæfingu verða aðeins viðurkenndir sem hluti úr heildstæðu ferli. Marklýsingar geta verið á erlendu máli, s.s. ensku eða sænsku.

2.34 Viðurkenning marklýsingar, námsferlis og námsstaðar er alltaf framvirk og er ekki sérsniðin fyrir tiltekna námslækna. Inntökunefndum í sérnáminu er þó heimilt að viðurkenna nám sem hafið var áður en viðkomandi læknir er skráður í tiltekið formlegt sérnám, ef námið hefur farið fram á viðurkenndum kennslustað og samkvæmt marklýsingu og öðrum viðeigandi/fullnægjandi námsstöðlum. Þetta getur átt við ef sérnámslæknir skiptir um sérnám og ef fyrra nám samrýmist kröfum í nýju sérnámsbrautinni. Tíma í sérnámsgrunni má ekki telja til sem hluta formlegs sérnáms.

2.35 Sérnámið getur verið þannig að sérnámslæknirinn færast sjálfkrafa milli starfs- og námsstöðva eða eininga sem hann/hún þarf að vera á/kynnast í námsferlinu (e. „run-through“ programme) eða áfangaskipt (e. „uncoupled programme“) án fastmótaðra starfs- eða námsstöðva innan hvers áfanga fyrir árlegt framvindumat (ARCP). Þetta getur átt við um sérnámgrunn/kandidatsár (e. foundation year), upphafs- eða kjarnasérnám (tekur til fyrstu 1-3ja ára, e. core training), framhaldssérnám (e. higher specialty training) eða sérhæfingarnám (e. advanced training). Fyrirkomulagið má vera misjafnt milli sérgreina, en skal jafnan vera skýrt í marklýsingunni.

2.36 Ef um fullt sérnám er að ræða getur tilfærsla verið sjálfkrafa allan námstímann samkvæmt marklýsingu ef sérnámslæknir fer í gegnum árlegt framvindumat og tekur þá til allra starfsstöðva sem talið er að sérnámslæknirinn eigi að kynnast með vinnu og viðveru. Í áfangaskiptu sérnámi getur verið að einkum sé áhersla á að sérnámslæknirinn hafi verið á megin einingum sérgreinarinnar. Að loknu upphafssérnámi getur aðgengi að megin námsstöðum verið takmarkaðra og háð umsóknarferli. Í marklýsingum, einkum ef um er að ræða fullt sérnám, má gera ráð fyrir að sérnámslæknirinn geti í framhaldi upphafssérnámsins valið sérstök áhugasvið.

2.37 Sérnámslæknar og sérnámsstaðurinn eru bundnir af því námsferli sem sett er upp í marklýsingunni. Sérnámslæknar verða að fara á þær stöðvar sem taldar eru nauðsynlegar í náminu og í þann tíma sem tilgreindur er fyrir hverja námsstöð. Kennslustjórar mega taka tillit til fötlunar eða sérstakra heilsufarslegra þarfa hjá sérnámslækni við val á starfsstöðvum, en leitast þarf við að tryggja

sem breiðasta menntun í sérgreininni. Að þessu gefnu má byggja inn í marklýsinguna tækifæri til mismunandi leiða gegnum sérnámið, m.a. til að örva áhuga á einstaka sérhæfðari þáttum sérnámsins eða til að sinna fræðastörfum, gæða- eða rannsóknarvinnu.

### **Kennslustjórar og kennsluráð**

2.38 Sérnámi er stýrt af kennslustjóra (e. programme director). Kennslustjóri er skipaður eftir umsóknarferli af framkvæmdastjóra lækninga/ÞÍH og heyrir undir hann. Hann er formaður kennsluráðs sérgreinarinnar (á viðkomandi stofnun ef við á), og situr í framhaldsmenntunarráði. Staðgengill er æskilegur, a.m.k. í stærri sérgreinum. Starfið skal vera hluti af vinnuskyldu og fastákveðinn tími vera til að sinna því (starfshlutfall). Kennslustjóri starfar samkvæmt samþykktri starfslýsingu á LSH/SAK eða í heilsugæslunni. Hann ber á LSH einnig ábyrgð gagnvart yfirlækni sérnáms, og með sambærilegum hætti á öðrum kennslustofnunum.

2.39 Hver sérgrein hefur kennsluráð þar sem sitja kennslustjóri (formaður), staðgengill kennslustjóra ef við á, yfirlæknir/yfirlæknar á starfseiningunni(um), forstöðumaður fræðasviðsins (eða fulltrúi valinn af honum), fulltrúi sérgreinafélagsins og fulltrúi sérnámslækna. Fulltrúar mega vera fleiri ef óskað er. Taka þarf tillit til að ekki sé um að ræða hagsmunaárekstra eða -tengsl (e. conflict of interest) í skipan eða starfi kennsluráðs. Í kennsluráði skal fjallað með reglubundnum hætti um atriði er varða skipulag sérnámsins og framvindu þess, og fundargerðir haldnar.

Sérnámsgrunnarsárið hefur sérstaka kennslustjórn („blokkaneftin“).

2.40 Hlutverk kennslustjóra er að:

1. Stýra sérnámi lækna í sérgrein sinni, á öllum starfstöðvum sérgreinarinnar, í samvinnu við kennsluráð og framhaldsmenntunarráð.

2. Bera ábyrgð á að sérnámslæknar fái þau námstækifæri sem þarf og nái þekkingu, færni, getu, hæfni, viðhorfum og reynslu sem marklýsingin gerir ráð fyrir að þeir tileinki sér.

3. Sjá til þess að sérnámslæknar hafi sérnámshandleiðara og klíniska handleiðara og að samskipti þeirra gangi vel. Hann þarf að vera í samskiptum við framkvæmdastjóra stofnana eða yfirlækni sérnáms, sem og aðrar einingar/deildir sem að sérnáminu koma og sjá til þess að sérnámssamningur sé undirritaður milli sérnámslæknis, kennslustjóra og/eða framkvæmdastjóra aðal kennslustofnunar.

4. Skipuleggja námsferil (e. programme) einstakra sérnámslækna með hliðsjón af námsstigi sem þeir eru á og sameiginlegum atriðum er varða sérnámslækna í sérgreininni á hverjum tíma, svo sem að vinna og

verkefni skarist þannig að gagnlegt sé fyrir einstaka sérnámslækna og starfsumhverfi þeirra. Sérnámið hefur eins og kostur er forgang fram yfir mönnunarpörf á viðurkenndri kennslustofnun.

5. Styðja við sérnámshandleiðara og klíníska handleiðara og sjá til þess að þeir geti sinnt símenntun og uppfyllt kröfur sem gerðar eru til handleiðara.

6. Sjá um reglubundið matsferli sérnámslækna, þ.m.t. árlegt framvindumat (e. ARCP, Annual Review of Competency Progression), að gögnum um námið sé safnað jafnóðum og þau yfirfarin sameiginlega af sérnámslækni og sérnámshandleiðara, sem skulu hittast reglubundið og hæfilega oft til að báðir hafi yfirsýn yfir framvindu sérnámsins.

7. Sjá um viðtöl og samskipti við sérnámslækna sem lenda í erfiðleikum eða þurfa sérstaka athygli, eftir atvikum í samvinnu við aðra í kennsluráði eða yfirlækni sérnáms, og/eða mannauðsstjóra á sérnámsstaðnum. Kennslustjóri metur hvort sérnámslæknir sýnir hæfni/getu til að starfa í sérgreininni, hvort sérgreinin hentar henni/honum og veitir ráðgjöf um framhald námsins og framtíðarstefnu sérnámslækna.

8. Taka þátt í viðtölum við umsækjendur um sérnám og val á sérnámslæknum í sérnámið. Í því ferli er samvinna æskileg við mannauðsstjóra sem sérgreinin heyrir undir eða annan sambærilegan aðila.

9. Miðla upplýsingum um sérnámið og framvindu þess til framhaldsmenntunarráðs eða þróunarmiðstöðvar heilsugæslu (eða sambærilegs aðila) og vera í samskiptum við úttektaraðila, bæði erlenda aðila og mats- og hæfisnefnd skv. 15 gr. reglugerðar nr. 467/2015, eins og þarf hverju sinni.

10. Vera talsmaður sérnámsins út á við og vinna að framgangi sérnáms í greininni, þ.m.t. að vekja athygli og áhuga lækna á sérgreininni sem valkosti, þá og þegar þarf.

### **Sérnámshandleiðsla og klínísk handleiðsla**

2.41 Sérnámshandleiðari (almennur handleiðari, lærimeistari/mentor, e. educational supervisor) innan sérgreinar er tilgreindur aðili sem er sérfræðingur í viðkomandi grein. Hann þarf að hafa sérstaka þjálfun sem handleiðari og geta tekið að sér að styðja, leiðbeina og hafa eftirlit með að sérnámslæknir tileinki sér þá þekkingu, færni, getu, viðhorf og skilning sem marklýsing kveður á um. Sami sérnámshandleiðari getur fylgt sérnámslæknum í öllu sérnáminu eða á ákveðnu tímabili eftir því sem viðkomandi kennsluráð ákveður eða marklýsing segir til um.

2.42 Sérnámshandleiðari fylgist með því að sérnámslæknir færi skrá um námið (loggbók/færslubók, rafræna skráningu, e. portfolio). Hann skal ræða við hana/hann reglubundið og fylgjast með framvindu, líðan og framþróun sérnámslæknisins. Sérnámshandleiðari aðstoðar sérnámslækni við að fara gegnum

matsferli marklýsingarinnar (CbD, DOPS, Mini-CEX, ARCP og viðlíka matsaðferðir), próf eða annað sem notað er innan sérgreinarinnar til að tryggja eðlilega framþróun, þekkingar- og færninám í sérnáminu. Hann aðstoðar sérnámslækninn og er trúnaðarmaður hans/hennar í sérnáminu, þ.m.t. þegar erfiðleikar koma upp hjá sérnámslækni.

2.43 Klínískur handleiðari (e. clinical supervisor) er tilgreindur umsjónarmaður með faglegu námi sérnámslæknis á starfsstöð sem sérnámslæknirinn er á hverju sinni. Ef sérnámslæknir er á starfsstöð sérnámshandleiðarans má þetta vera sami aðili, en annars annar aðili sem vinnur á viðkomandi starfsstöð. Í síðara tilfallinu er um samvinnu klínísks handleiðara að ræða við sérnámshandleiðarann, samkvæmt nánara samkomulagi, í samvinnu við kennslustjóra ef þarf.

2.44 Heilbrigðisstofnanir sem hafa verið viðurkenndar sem námsstaðir eiga að fastsetja að sérnáms- og klínísk handleiðsla séu störf sem eru hluti starfseminnar og geta kallað á tíma og laun með hliðsjón af marklýsingu, eðli og umfangi starfsins. Sérnám og kennsla eru þannig grundvallaratriði í starfsemi heilbrigðisstofnunar sem býður fram sérnám, þ.m.t. hvað varðar öryggi starfsfólks og skjólstaðinga á stofnun og framtíðarsýn á mönnun og framþróun í viðkomandi sérgrein.

2.45 Sérnámshandleiðarar og klínískir handleiðarar eiga að hafa fengið þjálfun eða hafa farið á námskeið til að öðlast þekkingu á kennsluaðferðum í sérnámi, matsaðferðum og eftirliti með framvindu, þ.m.t. hvernig aukin ábyrgð er smám saman færð til sérnámslæknis. Þeir þurfa að hafa sýnt hæfi í starfi, hafa kennslureynslu, hafa sýnt færni og getu í mannlegum samskiptum og hafa full sérfræðiréttindi með símenntun að baki í þeirri sérgrein sem handleiðslan tekur til. Tilgreina má á kennslustofnun hvernig staðið skuli að upprifjun eða símenntun fyrir handleiðara.

2.46 Samhæfing í kennslu er á hendi kennsluráða og framhaldsmenntunarráðs á stærri heilbrigðisstofnunum. Þar skal á faglegum grunni fylgst með því að kennslustjórn og handleiðsla gangi vel innan sérgreina og hjá öllum þeim sem koma að sérnáminu, að sanngirni sé gætt í umsjón og mati á sérnámslæknum, réttum reglum í samskiptum og boðleiðum sé fylgt, og almennum gæðaviðmiðum beitt.

2.47 Bæði handleiðarar og sérnámslæknar eiga að þekkja almenn atriði mannréttinda og jafnréttis. Mannréttindi eiga í eðli sínu við um alla menn, hværrar þjóðar sem þeir eru, óháð búsetu, kyni, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum, tungumáli eða annarri stöðu (<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/>). Handleiðarar og sérnámslæknar eiga í starfi að tileinka sér þau viðhorf gagnvart skjólstaðingum og samstarfsfólki að gætt sé 1) jafnræðis, 2) mannréttindi séu virt, 3) ólögmet mismunun sé ekki viðhöfð, 4) jafnrétti, þ.m.t. kynja, sé í heiðri haft, 5) valfrelsi skjólstaðinga varðandi þjónustu og meðferð ríki og að 6) virðing og tillitssemi sé til staðar gagnvart skjólstaðingum og samverkafólki.

2.48 Í rannsóknarnámi eða öðru akademísku námi er einnig um að ræða sérstakt handleiðslu- eða umsjónarkerfi á vegum læknadeildar eða annars akademísku námsstaðar (umsjónarkennari, meistara- eða doktorsnefnd) og er það að jafnaði aðskilið frá sérnámshandleiðslunni.

### 3. kafli: Að fara í sérnám.

#### Ráðning í stöðu sérnámslæknis.

3.1 Læknisstörf eiga að vera auglýst þannig að gætt sé jafnræðis gagnvart kyni, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum, tungumáli, fötlun, hjúskaparstöðu, kynhneigð eða annarri sambærilegri stöðu einstaklings. Sérnámslæknir getur verið í fullu eða hlutastarfi, þ.m.t. vegna sjúkleika eða barneigna, en í þeim tilvikum getur þurft að lengja heildartíma sérfræðináms, sbr. reglugerð nr. 467/2015. Ekki má takmarka möguleika umsækjanda vegna slíkra atriða.

3.2 Við auglýsingar og ráðningar í störf á heilbrigðisstofnun eða sambærilegar stofnanir á heilbrigðissviði er fylgt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og stjórnsýslulögum nr. 37/193 með síðari breytingum. Þetta er gert í samráði við mannauðsráðgjafa á stærri stofnunum og tekið er mið af kjara- og mannauðsstefnu hjá ríkinu (sjá kmr.is). Auglýst er tvisvar á ári á LSH og SAK hvaða sérnámsstöður eru í boði og fylgt fyrirfram ákveðnu verklagi varðandi auglýsingu, í mati og viðtölum við umsækjendur, þ.m.t. við val á meðal umsækjenda, tilkynningu um stöðuveitingu og ráðningu (sbr. Handbók um mannauðsmál sérnámslækna). Ferli geta verið breytileg milli stofana, en gagnsæis á að gæta í ferlinu. Sambærilegar reglur gilda um ráðningar kennslustjóra og handleiðara eftir því sem við á.

3.3 Sérnámslæknir skal hafa 1) ráðningarsamning og 2) sérnámssamning. *Ráðningarsamningur* tekur til almennra réttinda og skyldna starfsmanns/vinnuveitanda og atriða um kaup og kjör. Þar er tilgreind lokadagsetning, m.a. með vísan til áformaðra loka sérnámsins. *Sérnámssamningur* tilgreinir gagnkvæm réttindi og skyldur sérnámslæknis og námsstaðar í sérnáminu og tryggir að sérnámslæknir fái eðlilegan framgang í náminu í samræmi við marklýsingu að uppfylltum skilyrðum um fullnægjandi námsmat. Það fer eftir marklýsingu, fyrirkomulagi og fjölda sérnámsstaða hvort fleiri en einn ráðningarsamning eða sérnámssamning þarf. Ef til lengingar sérnáms kemur vegna framvindumats, fæðingarorlofs, veikinda, námshlés eða sambærilegra atvika sem talin eru í þessum leiðbeiningum, þá skal ráðningarsamningur framlengdur eins og þarf.

3.4 Við ráðningu þarf að leggja fram prófskírteini, lækningaleyfi, ferilsskrá og áþekk gögn með tilvísan í auglýsingu um starfið.

#### Fjöldi sérnámsstaða og sérnámsnúmer

3.5 Heildarfjöldi af sérnámsstöðum í hverri sérgrein er ákveðinn á heilbrigðisstofnun m.t.t. mönnunargetu hennar, en tekur mið af því sem sérgreinin og sérnámið leggja til með hliðsjón af fjölda sérfræðilækna og handleiðara með tilhlýðilegan bakgrunn, færni og kunnáttu (námskeið í handleiðslu). Fjöldinn er jafnframt háður formlegri viðurkenningu mats- og hæfisnefndar á námsstaðnum. Þess er

gætt að dreifing sérnámslækna milli ára miðist við getu heilbrigðisstofnunar til að hafa hæfileg námstækifæri fyrir sérnámslækninn og veita almenna sérnáms- og klíníska handleiðslu. Hver sérgrein hefur *aðalstöð sérnáms* sem er sá staður þar sem mestur hluti sérnáms er tekinn og þar sem kennslustjóri og kennslustjórn sérnámsins eru staðsett, en sérgreinar geta haft tilgreindar *viðbótarstöðvar*, þar sem kennsla/menntun í afmörkuðum og tilgreindum hluta sérnáms fer fram í samræmi við marklýsingu, eða *kynnisstöðvar* þar sem um er að ræða styttri dvöl til að kynnast sértækum þáttum sem varða sérnámið. Allar slíkar starfsstöðvar þurfa viðurkenningu mats- og hæfisnefndar sem námsstaður.

3.6 Sérnámsstöður eru skráðar í sameiginlegu númerakerfi (Icelandic Medical Trainee Number, IMTN) fyrir sérnámslækna sem viðhaldið er af skrifstofu á vegum mats- og hæfisnefndar fyrir alla sérnámslækna í samvinnu við Landspítalann, Sjúkrahúsið á Akureyri, Þróunarmiðstöð íslenskra heilsugæslu og aðra námsstaði. Í kerfinu skal tekið mið af ráðningarári, námsstigi, sérgrein og staðsetningu námsstaðar. Númer geta breyst ef breyting eða tilfærsla verður í sérnáminu. Númerakerfið er aðeins til vegna umsjónar með sérnáminu, en veitir engin réttindi. Sérnámslæknir getur aðeins haft eitt númer á hverjum tíma. Númerakerfið tekur einnig til náms í undir- eða viðbótargrein. Það á við hvort heldur eru um að ræða sjúkraföfnun (heilsugæslu, spítala) eða aðra stofnun sem veitir nám í heilbrigðisgreinum. Sérnámsnúmer er ekki framseljanlegt og gildir aðeins fyrir viðkomandi sérnámslækni.

3.7 Sérnámslæknar sem fengið hafa sérnámsnúmer nota það í tengslum við árlegt framvindumat (e. ARCP, Annual Review of Competency Progression). Sérnámslæknar eiga að tilkynna umsjónarskrifstofu sérnáms á viðkomandi stofnun um breytingar á búsetu, netfangi og síma, eða breytingar á persónulegum högum eða atriðum sem geta haft áhrif á framvindu námsins, sbr. lið 3.9. Þaðan fara upplýsingar til skrifstofu mats- og hæfisnefndar, sem veitir árlega upplýsingar um stöðu sérnámsins til framkvæmdastjórna LSH og SAK og til ÞÍH, sem er tengiliður til framkvæmdastjórna heilsugæslunnar í landinu.

3.8 Tafir í sérnámi geta orðið vegna langvinnis sjúkdóms, veikinda, barneigna, barneignaleyfa, samkvæmt reglugerð nr. 467/2015. Þá getur formlegt rannsóknatengt nám, svo sem meistara- eða doktorsnám, leitt til eðlilegra tafa sem taka þarf mið af. Þetta á við bæði um sérnámsgrunn og sérfræðinám og getur leitt til að sérnámslæknir geti ekki hafið vinnu á tilsettum ráðningartíma. Tafir eiga ekki að standa lengur en mest tvö ár, en má lengja með samþykki framkvæmdastjóra lækningar að fengnum meðmælum kennslustjóra og annarra forsvarsmanna viðkomandi sérnámsbrautar og yfirmanna sérgreinarinnar á viðkomandi kennslustofnun/heilbrigðisumdæmi.

3.9 Sérnámsnúmer staðfestir að læknirinn sé í viðurkenndu sérnámi. Ef tafir verða á námi vegna atriða sem talin eru í lið 3.9 þarf samþykki forsvarsmanna heilbrigðisstofnunarinnar þar sem læknirinn er ráðinn til starfa og kennslustjóra/kennsluráðs sérgreinarinnar. Sérnámslækninum ber að fylgja leiðbeiningum kennslustjóra varðandi framvindumat, þó hann/hún sé í leyfi eða minnkuðu starfshlutfalli.



3.10 Ekki er gert ráð fyrir að lækni ráði sig til annarra starfa samhliða sérnámsgrunni eða sérnámi.

3.11 Framvinda í sérnáminu er forsenda áframhaldandi sérnáms og er háð árlegu framvindumati (ARCP). Um hlé í námi skal samið sérstaklega við kennslustjóra (s.s. í tilviki rannsóknatengds náms eða barneigna) áður en eða um leið og hlé hefst. Kennslustjóri tilkynnir skrifstofu sérnáms eða ÞÍH um það. Ef unnt er skal samið fyrirfram um lengd námshlés. Hlé er veitt með það í huga að lækni ætli sér að snúa aftur til að ljúka náminu eða námshluta sem tekinn er á Íslandi.

3.12 Ef sérnámslækni hættir í fyrirhuguðu rannsóknarnámi eða öðru hliðstæðu verkefni/starfi, þá þarf að tilkynna það kennslustjóra sem hefur samband við skrifstofu sérnáms. Ef lækni lætur hjá líða að tilkynna um ofangreindar breytingar á högum sínum eða aðstæðum sem geta haft áhrif á sérnámið, stenst ekki framvindumat eða stenst ekki almenn hæfisviðmið í læknisstarfi, mega heilbrigðisstofnun eða námsstaður segja upp sérnáms- og ráðningarsamingi við sérnámslækni að fengu samráði við og með samþykki kennsluráðs viðkomandi sérgreinar og viðkomandi mannauðsstjóra. Framkvæmdastjóra lækningar á viðkomandi stofnun ber að endurskoða slíka ákvörðun að beiðni sérnámslæknis.

3.13 Um nám í undirsérgrein eða viðbótarsérgrein skv. reglugerð nr. 467/2015 gilda sömu ákvæði. Í þeim tilvikum er um að ræða framvirkt en mun styttra nám. Fyrri störf, fyrri reynsla úr læknisstörfum eða fyrra sérnám getur ekki talist hluti sérnáms í undir- eða viðbótarsérgrein.

#### **Umsókn um sérfræðilæknisstöðu áður en sérnámi lýkur.**

3.14 Sérnámslækni má sækja um auglýsta stöðu sem sérfræðilækni allt að sex mánuðum áður en sérnámi lýkur, ef sýnt þykir að mati kennslustjóra að sérnáminu ljúki á fyrirhuguðum tíma. Tafir á að hefja nýtt starf er háð ákvörðun sem tekin er í samskiptum sérnámslæknis og nýs vinnuveitanda.

#### **Afleysingastöður og vinna utan megin sérnáms sem hluti sérnámsins.**

3.15 Verði rof eða hlé í sérnáminu sem samþykkt var af kennslustjórn þess, má vinnuveitandi ráða lækni til afleysinga, þó ekki sé þá um formlegt sérnám að ræða nema afleysingalækni sé þá þegar skráður í sérnámsferli þar sem afleysingavinnan mundi geta verið hluti úr skipulögðu og viðurkenndu sérnámi. Þannig getur afleysingavinna nýst til að fylla í styttri eyður sem skapast hafa í sérnámsferli að fengnu samþykki kennslustjóra og eftir atvikum kennsluráðs viðkomandi sérnáms. Vinna í afleysingastörfum þarf ekki að teljast til sérnáms. Þannig stöður veita ekki sjálfkrafa rétt í sérnámi eða til sérnáms. Þær teljast ekki til sérnáms sem þegar er hafið eða ætlunin er að hefja, nema sérstaklega sé samið um það fyrirfram með samþykki kennslustjóra eða eftir atvikum kennsluráðs sérgreinar. Skilyrði er að staðan sé þá þegar skilgreind til sérnáms og sé framfylgt í samræmi við viðurkennda marklýsingu og á viðurkenndum sérnámsstað.

Formleg samþykkt þess að afleysingastaða teljist til sérnáms veitir lækni aðgengi að venjulegum námstækifærum og kennslugögnum, ásamt matstækifærum í viðkomandi sérnámi, meðan á ráðningunni stendur. Þá á afleysingalækni að fá sérnáms- og klíníska handleiðara í samræmi við marklýsingu þess

sérnáms sem hann/hún er skráð í. Sérnámslæknirinn skráir störf sín og reynslu eins og við á, þ.m.t. í skráningarkerfi (loggbók, e. portfolio). Nám og reynsla í afleysingastöðu getur verið hluti árlegs framvindumats (ARCP) og getur talist með í lokamati sérnáms ef óskað er eftir því, svo og í umsókn um viðurkenningu sem sérfræðilæknir, að ofangreindum ákvæðum uppfylltum.

Að jafnaði verða afleysingastöður í sérnámi að vera til a.m.k. tveggja mánaða í samfelldri og fullri vinnu til að teljast hluti sérnáms. Afleysing sérfræðilæknis getur ekki talist til sérnáms.

Í sérnámi geta afleysingastöður að jafnaði ekki tekið til meira en samtals eins árs í námi og þær verða að lúta ákvæðum um að viðurkenndri marklýsingu sé fylgt.

### **Brotthvarf úr sérnámi.**

3.16 Læknir getur sjálf/sjálfur hætt í sérnámi hvenær sem hann/hún kys með lögbundnum uppsagnarfresti á vinnu sinni. Hann/hún dettur þá út úr númerakerfi sérnámsins og skal kennslustjóri staðfesta skriflega að sérnáminu sé lokið til skrifstofu mats- og hæfnisnefndar og til skrifstofu yfirlæknis sérnáms á LSH eða SAK, eða til ÞÍH.

3.17 Ef sérnámslæknir hefur ekki staðist árlegt framvindumat og endurskoðun (áfrýjun) til kennsluráðs/yfirlæknis sérnáms/ÞÍH hefur ekki leitt til endurskoðunar möguleika á áframhaldandi námi, er sérnámi sjálfhætt og ráðningasamband við stofnunina rofnar (sjá lið 3.13). Ef sérnámslækni er sagt upp störfum af heilbrigðisstofnun þar sem námið fer fram eða ef hann/hún hefur með öðrum hætti gert það að verkum að kennslustjóri og eða kennsluráð telja hann/hana ekki eiga að halda áfram sérnámi, þá lýkur sérnámi í viðkomandi grein. Sérnámsnúmer fellur þá úr gildi og kennslustjóri staðfestir það skriflega til skrifstofu sérnáms eða ÞÍH. Sama á við um störf í sérnámsgrunni.

3.18 Verði kennsluráð að víkja sérnámslækni úr námi skal það gert skriflega og með rökstuddri niðurstöðu frá kennsluráði. Haft skal samráð við yfirlækni sérnáms á LSH/SAK eða í ÞÍH og við framkvæmdastjóra lækninga og mannauðsstjóra á viðkomandi heilbrigðisstofnun m.t.t ráðningarsamnings. Að öðru leyti gilda [Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins](#), nr. 70/1996.

### **Lok sérnáms**

3.19 Þegar öllum gögnum vegna sérnámsins hefur verið skilað fer fram árlegt framvindumat (ARCP), hvort heldur er um að ræða við lok á fullu sérnámi á Íslandi eða við lok á fyrri hluta sérnáms með sérnámslokum erlendis. Standist sérnámslæknir matið telst hann/hún útskrifaður/útskrifuð úr námi og sérnámsnúmer gildir ekki lengur en til þess tíma. Að loknu slíku lokaframvindumati gefur kennslustjóri út vottorð á íslensku og erlendu máli um námslok í samræmi við starfsreglur FMRL eða ÞÍH.

## Hlutastörf

3.20 Íslensk heilbrigðisyfirvöld og menntastofnanir hafa skýra afstöðu til jafnréttis og jafnra tækifæra, þ.m.t. kynjajafnréttis og jafnréttis vegna fötlunar. Í því felst að unnt er að ljúka a.m.k. hluta sérnáms í hlutastarfi sérnámslæknis, með tilvísan í reglugerð 467/2015 og tilskipun ESB/EES 2005/36/EC, svo sem ef um er að ræða þungun og barneignafæri, veikindi, tímabundin veikindi maka eða náins ættingja þar sem aðstoð sérnámslæknis er nauðsynleg eða önnur sérstök heilsufarsvandamál eða aðrar sambærilegar aðstæður sem geta haft áhrif á tækifæri til náms. Ennfremur getur þurft að taka tilliti til aðstæðna sem geta skapast vegna keppnisþróttta, mikilvægra faglegra trúnaðarstarfa eða vísindastarfa, annars náms sem tengist sérnáminu (t.d. vegna stjórnunarþekkingar, sérstakra námskeiða).

3.21 Allir sérnámsgrunns- eða sérnámslæknar geta sótt um hlutastarf í samráði við kennslustjóra og eftir atvikum við kennsluráð. Samkvæmt tilskipun 2005/36/EC geta einstök ríki ákveðið hvernig þessu er háttað, en tryggja þarf að heildartími sérnámsins, svo og geta og færni sérnámslæknisins, verði ekki minni en yrði í fullri vinnu/námi. Tilgangur hlutastarfs er að halda sérnámslækni í sérnáminu með tilliti til framtíðarstarfa læknisins í heilbrigðisþjónustunni, hvetja sérnámslækna til að þróa og þroska sig í starfi með tilliti til eigin aðstæðna, og viðhalda faglegum gæðum og framvindu sérnámsins. Til þess þarf jafnvægi milli þess sem sérnámslæknirinn og sérnámsstaðurinn þarfnast.

Umsókn um að færast í hlutastarf er einstaklingsbundin og miðast við óskir og þarfir umsækjanda fyrst og fremst. Af hálfu vinnuveitanda/námsstaðar/viðkomandi sérnáms er ekki unnt að tryggja að hægt sé að verða við óskum umsækjandans um hlutastarf, eða um tímalengd, byrjun eða lok hlutastarfs. Um hlutastörf í akademísku námi, s.s. meistara- eða doktorsnámi, verður að semja við viðkomandi háskóladeild í samráði við kennslustjóra viðkomandi sérnáms og með vitneskju framhaldsmenntunarráðs eða Þróunarmiðstöðvar heilsugæslu, eins og við á.

Framlenging hlutastarfs ákveðst í sameiningu af sérnámslækni og sérnámsstað með hliðsjón af árlegu framvindumati og í tengslum við það.

3.22 Framkvæmd hlutasérnáms er á ábyrgð kennslustjóra/kennsluráðs. Tilkynna þarf skrifstofu sérnáms á heilbrigðisstofnun eða ÞÍH um hlutastarf, m.a. upphaf og lok þess. Hlutastarf skal ekki vera minna en 50%. Ef <50% hlutastarf þarf tímabundið, verður að semja sérstaklega um slíka undanþágu við kennsluráð. Um yrði að ræða undanþágutilvik við sérstakar aðstæður í stuttan tíma. Sé ekki unnt að mæta slíkri beiðni, verður að gera hlé á náminu eða hætta því alveg. Ef hlé er meira en 2 ár, verður að jafnaði að sækja um að hefja sérnám að nýju.

Meðan læknir er í sérnáminu þarf virkt matsferli að vera í gangi, þ.m.t. árlegt framvindumat (ARCP). Þetta gildir einnig um hlutastörf og hlé í námi. Sjá ennfremur til hliðsjónar breskar reglur: [https://www.gmc-uk.org/-/media/documents/less-than-full-time-training-position-statement-nov-17\\_pdf-72374278.pdf](https://www.gmc-uk.org/-/media/documents/less-than-full-time-training-position-statement-nov-17_pdf-72374278.pdf).

Sérnámslæknir í hlutastarfi þarf að gæta að því að vinnuskyldan miðast við að halda virkni áþekkri og er í fullu starfi að teknu tilliti til starfshlutans, þ.m.t. þátttöku í vaktavinnu, eftirvinnu, tilfærslu á starfsstöðvar í verknáminu, og eðlis starfsins með tilvísan í getu sérnámslæknisins til að geta leyst verkefni í sérnáminu. Mögulegt er að sérnámslæknir geti ekki uppfyllt allt sem krafist er og skal þá tekið tillit til þess.

Í ráðningasamningi og í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 eru frekari atriði varðandi gagnkvæmar skyldur sérnámslæknis og vinnustaðar/námsstaðar.

Í fyrirbyggjandi almennum viðmiðum og leiðbeiningum um sérnám á Íslandi („Gullbókinni“) eru ákvæðin leiðbeinandi, en hafa ekki lagaígildi.

### **Akademískt rannsóknatengt nám, rannsókn- og vísindastörf og æðri námsgráður**

3.23 Í öllu sérnámi í læknisfræði er nauðsynlegt að sérnámslæknir tileinki sér og hafi góða þekkingu á vísindalegum vinnubrögðum og aðferðafræði, vísindalegri grunnþekkingu og gagnreyndum vísindaniðurstöðum.

Þetta þarf til að sérfræðilæknir geti metið fram komnar vísindaniðurstöður með réttum hætti, og hagnýtt sér þær til ábata fyrir skjólstæðinga sína og sjálfan sig, sneitt hjá röngum niðurstöðum eða ályktunum, falsfréttum og dreifingu efnis sem er ósatt eða vafa undirorpið.

Sumir sérnámslæknar munu vilja stefna í átt að framtíðarvinnu í háskólum eða viðlíka akademískum stofnunum samfélagsins og í því skyni bæta við sig rannsóknatengdu námi sem leiðir til sérhæfðra viðurkenninga (diplóma), eða meistara- eða doktorsprófgráðu. Þetta gæti átt við bæði líf- eða læknisfræðilega rannsóknavinnu eða öflun þekkingar um menntun eða menntunaraðferðir, stjórnun, áætlanagerð eða annað viðlíka.

Upplýsingar um slík tækifæri eru oft veittar af handleiðurum eða forsvarsmönnum sérnáms og má sjá á heimasíðum ýmissa innlendra eða erlendra háskóla eða vísindastofnana.

3.24 Íslenska reglugerðin nr. 467/2015 veitir möguleika á að viðurkenna allt að einu ári í rannsóknavinnu sem lið í sérnámi. Að jafnaði þarf að vera um að ræða innritun í skipulagt nám, svo sem meistara- eða doktorsnám sem hefur góða tengingu við sérgreinina. Annað vel skipulagt rannsóknastarf sem felur í sér verulegt framlag sérnámslæknisins er einnig hægt að meta. Í rannsóknavinnu verður að gera ráð fyrir að frumkvæði, skipulag og framkvæmd slíks náms sé að verulegu leyti á hendi sérnámslæknisins. Til að viðurkenna slíkt akademískt nám sem hluta sérnáms verða tengsl við klíniska þætti sérnáms í viðkomandi sérgrein að vera skýr. Handleiðsla akademísks kennara með góða vísinda- og handleiðarareynslu verður að vera fyrir hendi, ásamt meistara- eða doktorsnefnd í samræmi við

reglur nr. 860 frá 2016 um doktorsnám við Háskóla Íslands og/eða sambærilegar reglur við aðra innlenda eða erlenda háskóla/menntastofnanir. Tengslin við sérnámið og sérnámshandleiðara þar verða einnig að haldast.

Doktorsnám í tengslum við sérnám má koma fyrir með ýmsum hætti, bæði í fullu eða hluta sérnámi. Sjá ennfremur: [https://www.hi.is/heilbrigdisvisindasvid/doktorsnam\\_vid\\_heilbrigdisvisindasvid](https://www.hi.is/heilbrigdisvisindasvid/doktorsnam_vid_heilbrigdisvisindasvid), <https://www.hi.is/laeknadeild>, [https://www.hi.is/haskolinn/reglur\\_nr\\_890\\_2016\\_um\\_doktorsnam\\_og\\_doktorsprof\\_vid\\_heilbrigdisvisindasvid\\_haskola\\_islands](https://www.hi.is/haskolinn/reglur_nr_890_2016_um_doktorsnam_og_doktorsprof_vid_heilbrigdisvisindasvid_haskola_islands).

3.25 Sérfræðinúmer fellur ekki úr gildi meðan tekinn er tími í rannsóknatengt nám ef það hefur klínísk tengsl, sbr. lið 3.25. Vakin er athygli á að faglegt sérnám sem er 60 mánuðir eða 5 ár, er lágmarkstími til að ná tökum á sérgrein í læknisfræði. Því er að jafnaði ráðlegt að stytta ekki þann tíma sem á að fara í faglegt þekkingar- og hæfninám, heldur gera ráð fyrir að bæta akademísku námi og rannsóknatengdu námi við þann tíma.

3.26 Sérnámslæknir í rannsóknatengdu námi skal áfram undirgangast árlegt framvindumat (ARCP) í sérnámi sínu ef hún/hann er jafnframt skráð í sérnám og heldur sérnámsnúmeri sínu. Í framvindumati skal tekið mið af skýrslu akademíks handleiðara sérnámslæknisins. Að loknu rannsóknatengda náminu á sérnámslæknirinn rétt á að halda áfram sérnámi eins og áður hafði verið áætlað.

### **Hlé gert á sérnámi eða leyfi úr sérnámi vegna annarra faglegra starfa**

3.27 Kennslustjóri og kennsluráð sérgreina geta samþykkt hlé á sérnámi við ýmsar aðstæður, en yfirleitt ekki fyrr en að loknu fyrsta ári sérnámsins þegar sýnt er að sérnámslæknir muni halda áfram sérnáminu (sjá lið 3.21).

3.28 Tilgangur hlés er einkum að gera sérnámslækni kleift að bæta við sig þekkingu utan kjarna sérnáms hans/hennar, auka við færni sína í sérstökum klínískum starfsþáttum, bæta við akademískri eða rannsóknatengdri færni, læra um leiðtogahlutverk, heilbrigðisstjórnun, kennslu, sjúklungaöryggi, upplýsinga- og tölvutengda tækni, lýðheilsu og önnur atriði sem ekki eru hluti sérnámsins samkvæmt marklýsingu þess.

Í þessu geta falist störf í þróunarlandi eða á áttaksvæðum, í flóttamannabúðum, fyrir alþjóðasamtök svo sem Rauða Krossinn/Rauða Hálfmánann, Lækna án landamæra, alþjóðlegar heilbrigðisstofnanir og viðlíka.

3.29 Kennslustjórn og kennslustjóri sérgreinarinnar verða að fallast á framvirka áætlun um slíkt hlé. Leyfi og tíminn sem í það fer er háður eftirliti sérnámshandleiðara og árlegu framvindumati (má vera

skriflegt ef um störf erlendis er að ræða). Skrifstofa sérnáms/mats- og hæfisnefndar eða ÞÍH þarf jafnframt að fá upplýsingar um slíkar áætlanir. Sérnámslæknirinn heldur þá sérnámsnúmeri sínu og fellur ekki út úr sérnámsferlinu, en töf getur orðið á framhaldi sérnámsins ef sérnámsstaðurinn getur ekki strax að loknu hléi tekið við sérnámslækninum á ný. Sérnámslæknir á ekki sjálfkrafa rétt á ráðningu eða sérnámsstöðu ef sérnámsstaður getur ekki ráðið hann/hana aftur til starfa. Kennslustjóri leitar lausna í samráði við sérnámslækninn.

### **Framhaldsnám innanlands/erlendis eða hlé vegna náms innanlands/erlendis**

3.30 Ef ekki er um fullt sérnám að ræða samkvæmt marklýsingu á Íslandi þarf sérnámslæknir að ljúka því erlendis. Sérnámsstað/heilbrigðisstofnun ber ekki skylda til þess að útvega slíkt eða styðja við það, en gert er ráð fyrir að sérnámshandleiðari og forsvarsmenn sérnámsins styðji við sérnámslækninn að fenginni fullnægjandi framvindu í sérnáminu samkvæmt hinu árlega framvindumati (ARCP). Æskilegt er að sérnámsgreinar geri samkomulag um framhaldssérnám við erlenda stofnun/stofnanir.

3.31 Unnt er að taka eitt eða fleiri ár í sérnámi við aðra innlenda eða erlenda stofnun og fá slíkt nám viðurkennt sem hluta úr skipulögðu sérnámi, enda skal þá fylgt íslenskri eða sambærilegri erlendri marklýsingu um námið. Viðurkenning er háð mati forsvarsmanna sérnámsins á Íslandi (kennslustjóra/kennsluráðs). Sérnámslæknir útvegar og leggur fram til kennslustjórnar sérnáms viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar um sérnámsháttinn sem taka á erlendis ef ætlunin er að sækja um sérfræðileyfi á Íslandi að lokinni námsdvöl erlendis og ef halda á sérnámsnúmeri.

3.32 Með vísan til reglugerðar nr. 467/2015 með áorðnum breytingum þá má veita sérfræðileyfi hvort heldur á Íslandi eða erlendis. Erendis sér viðkomandi námsstofnun um slíkt með hliðsjón af reglum viðkomandi lands. Viðurkenning erlendis frá er háð mati Embættis landlæknis ef sótt er um sérfræðileyfi á Íslandi. Embætti landlæknis staðfestir erlent sérfræðileyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 467/2015. Um sambærilegt sérnám samkvæmt marklýsingunni sem gildir á Íslandi þarf að vera að ræða með þeirri vottun sem Embætti landlæknis fer fram á.

3.33 Allt sérnám utan aðal sérnámsstaðar skal vera skipulagt og framvirkt nám byggt á hinni viðurkenndur marklýsingu fyrir viðkomandi sérgrein og fara fram á viðurkenndum námsstað (viðbótarstöð) og skriflegum samningi milli aðal- og viðbótarstöðvar. Reynist sérnámsstaður utan aðalstöðvar ekki hafa boðið upp á það nám eða þau námstækifæri sem vænst var, getur kennslustjóri eða kennsluráð ákveðið að viðurkenna það nám aðeins að hluta eða ekki. Mats- og hæfisnefnd getur þurft að meta sérnámsstaðinn/viðbótarstöðina. Þetta á líka við um mat á rannsóknatengdu námi eða öðru akademísku námi á sérnámstímanum og sem sérnámslæknir sækir um viðurkenningu á inn í sérnámsferlið.

## **Hlé á framhaldsnámi vegna ótengds náms eða starfa.**

3.34 Unnt er að gera allt að eins árs hlé á framhaldsnámi vegna ótengdra starfa eða náms (e. out of programme career break). Um fyrirfram tímasett hlé skal vera að ræða, til að vinna að ótengdu verkefni sem tekur til framþróunar einstaklingsins, s.s. vegna sérstaks náms, vinnu innan heilbrigðisgeirans eða tengds iðnaðar/heilbrigðisfyrirtækis, í rannsóknaverkefni, í frumkvöðla- eða þróunarstarfi, vegna fjölskyldu, íþróttar- eða listaiðkana á afrekssviði eða annara viðlíka og einstakra tækifæra. Þetta tekur ekki til fjarvista vegna barneigna eða veikinda.

3.35 Hlé af þessu tagi þarf að miðast að því að auka víðsýni, getu og færni sérnámslæknis, og geta samrýmt með rökréttum hætti endurupptöku sérnámsins að hléinu loknu. Sérnámslæknir þarf þá að sýna fram á getu sína og vilja til að ljúka sérnáminu og að kunnátta og færni hafi ekki skaðast eða farið aftur á tímabilinu sem hlé nær til.

3.36 Hlé getur aldrei leitt til styttingar á sérnámi eða sérnámstíma, niðurfellingar matsþátta eða prófa nema meðan á hléi stendur, né heldur dregið úr kröfum um kunnáttu eða færni.

3.37 Hlé er háð samþykki kennslustjóra og kennsluráðs viðkomandi sérnáms. Unnt er að framlengja hlé í eitt ár til viðbótar með samþykki kennslustjóra og kennsluráðs. Ef hlé þarf umfram tvö ár, verður sérnámslæknir að jafnaði að hætta sérnámi sínu og skila inn sérnámsnúmeri. Meðan á hléi stendur ber sérnámslækni skylda til að veita kennslustjóra síns sérnáms upplýsingar um framvindu og áætlanir meðan á hléi stendur.

3.38 Endurupptaka náms að loknu hléi er háð samþykki kennslustjóra, m.a. með tilvísan til aðstæðna á sérnámsstað, en ekki er unnt að tryggja að heppileg staða eða ráðning til vinnu á ný sé til reiðu þegar sérnámslæknir óskar eftir að hefja nám sitt að nýju. Endurþjálfun kann að þurfa og sérnámslæknir verður að taka leiðbeiningum um slíkt.

3.39 Hlé veitir ekki rétt á námsleyfum eða því að sækja námskeið nema með sérstöku samkomulagi við kennslustjóra og framkvæmdastjóra/ mannauðsstjóra/forstöðumanns á viðkomandi sérnámsstað.

## **Sérnám og heilsa**

3.40 Þurfi hlé á sérnámi af völdum þungunar, barneigna eða veikinda þarf að miða við ákvæði í almennum ráðningarsamningi sérnámslæknisins. Nauðsynlegt er því að leita liðsinnis bæði mannauðsstjóra eða annars forsvarsmanns á vinnustað og kennslustjóra sérnámsins.

3.41 Verði meira en 14 daga hlé á ári af heilsufars- eða barneignaástandum (fyrir utan lögbundið barneignaleyfi), kann að þurfa endurmat á námstímanum sbr. reglugerð nr. 467/2015. Það mat er hluti árlegs framvindumats (ARCP) og gæti þannig haft áhrif á lengd námstímans eða ráðningu.

### **Tilfærsla milli sérnámsstaða**

3.42 Sérnámslæknir kann að þurfa að færast milli sérnámsstaða, t.d. af fjölskylduástæðum, vegna rannsóknatengds náms, sérverkefna eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Sérnámsnúmer skal þá áfram vera virkt með breytingum sem reglur þar um segja. Samvinna milli kennslustjóra skal vera vegna slíkra tilfærslna. Þetta gildir ekki um tilfærslu milli mismunandi sérgreina.



## 4. hluti. FRAMVINDA SÉRNÁMS

### Færni, reynsla og árangur; fræðileg þekking

4.1 Marklýsingar sérnáms sem mats- og hæfisnefnd skv. 15.gr. reglugerðar nr. 467/2015 hefur viðurkennt, eru skjöl sem lýsa því hvaða fræðilega og verklega þekkingu, hæfni, getu og samskiptafærni, viðhorf og skilning sérnámslæknir þarf að hafa tileinkað sér á mismunandi stigum sérnámsins, og hvernig á að meta framvindu sérnámsins þannig unnt sé að veita sérfræðiviðurkenningu og sérfræðileyfi á Íslandi að loknu sérnámi.

4.2 Í öllum marklýsingum er tekið mið af skjalinu Góðir starfshættir lækna sem Embætti landlækni hefur gefið út, með uppfærslum og öðrum áþekktum innlendum og alþjóðlegum leiðbeiningum (sjá [https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item32436/Godir\\_starfshaettir\\_laekna\\_31.5.2017.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item32436/Godir_starfshaettir_laekna_31.5.2017.pdf)). Sérstaklega er bent á slíkt efni frá Læknafélagi Íslands, frá Alþjóðaheilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegum samtökum einstakra sérgreina.

4.3 Læknar öðlast fræðilega þekkingu, hæfni, getu og samskiptafærni að hluta í læknanámi í háskóla, en ekki síst í framhaldsnámi, þ.e.a.s. í markvissu starfs- og sérgreinanámi (sérnámsgrunni/sérnámi), þar sem eldra og reyndara samstarfsfólk, einkum úr röðum lækna, leiðbeina og kenna sérnámslækninum. Að ná þannig markmiðum tekur tíma og krefst markvissrar þjálfunar. Hæfni og geta eru grundvallaratriði til viðbótar fræðilegri þekkingu, en ekki einungis tími í sérgreininni sem tilgreindur er í íslensku reglugerðinni nr. 467/2015 og evrópskri tilskipun (2005/36/EC) um sérnám lækna. Lágmarkstími fyrir sérnám lækna eru 60 mánuðir (5 ár). Sérgreinar geta þó í sínum marklýsingum gert ráð fyrir lengri sérnámstíma.

4.4 Í sérnámi lækna er stuðst við matskerfi á framvindu námsins sem hafa verið þróuð og prófuð til að tryggja eins og unnt er að þau gefi rétta og sanngjarna mynd af sérnámi læknisins og framvindu þess, bæði í starfi og í fræðilegum hlutum sérnámsins. Áhersla er á klíníska framþróun í starfi læknisins, samfara því að sérnámslæknirinn tileinki sér þann þekkingargrunn sem sérgreinin snýst um.

4.5 Mismunandi getur verið hvernig og á hve löngum tíma sérnámslæknar ná markmiðum námsins. Þó er nauðsynlegt að sérnámslæknar, handleiðarar og kennslustjórnin séu meðvituð um hvað þarf og hvað telst ásættanlegt í hverri sérgrein og fyrir hvern áfanga sérnámsins. Að hafa mörk fyrir eðlilega námsframvindu er grundvallaratriði.

4.6 Marklýsingar miðast við framvindu náms (e. outcome-based/competency-based), fremur en tíma (e. time-based). Ef framgangur er betri en búist var við hjá sérnámslækni kannað vera unnt að flýta árlegu framvindumati (ARCP), en til þess verður sérnámslæknir að hafa farið gegnum alla matsþætti með góðum árangri. Ekki er hægt að stytta lágmarkstímalengd alls námsins sem kveðið er á um í reglugerð 467/2015 og evrópskum tilskipunum.

4.7 Tefjist sérnám vegna utanaðkomandi aðstæðna getur þurft að endurskoða sérnámsmarkmið viðkomandi læknis og leita leiða til að hann/hún geti lokið sérnámi sínu. Um hlé í sérnámi, sjá liði 3.35-3.42.

4.8 Marklýsingum er breytt og þær uppfærðar reglubundið Alltaf er stuðst við nýjustu útgáfu marklýsingar sem mats- og hæfisnefnd hefur samþykkt.

## **Framvindumat**

4.9 Markvisst sérnám byggist á marklýsingu þar sem rammi er settur um sérnámið til að tryggja að sérnámslæknirinn geti náð þeirri þekkingu, hæfni, getu og skilningi sem marklýsingin kveður á um og unnt sé að meta þá þætti, sem og að umgjörð sérnámsins sé þannig að hún hæfi markmiðum þess.

4.10 Námið miðar m.a. að því að sá sem hefur fengið sérfræðileyfi geti unnið sérfræðilæknisstörf í samræmi við leiðbeiningar embættis landlæknis um góða starfshætti lækna ([https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item32436/Godir\\_starfshaettir\\_laekna\\_31.5.2017.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item32436/Godir_starfshaettir_laekna_31.5.2017.pdf)).

4.11 Marklýsingin innheldur leiðbeiningar fyrir kennslustjóra, kennsluráð sérgreinar, handleiðara og einkum sérnámslæknana sjálfa um það hvernig markmiðum sérnámsins verði náð. Megin nálgun að því að meta framvindu námsins felst í aðferðum til að meta skammtíma og langtíma framþróun í læknisstörfum (e. formative assessments). Þetta gerist m.a. með markvissum samræðum við handleiðara um sjúkratilfelli og aðstæður sem sérnámslæknir þarf að læra um á vinnustað (e. case-based discussion, CbD), samskiptum við skjólstæðinga og samstarfsfólk og með stöðluðum aðferðum sem meta hæfni/getu til verklegra starfa (e. direct observation of procedural skills, DOPS), til að sýna klíniska hæfni (e. clinical evaluation exercise, mini-CEX), meta framgöngu á vinnustað (e. workplace-based assessment, WPBA) og fá endurgjöf frá mats frá samstarfsfólki (e. multi-source feedback, MSF) og frá handleiðurum (e. educational and clinical supervisors' reports, E/CSR).

Dæmi eru m.a. á <https://www.rcgp.org.uk/> (Training and Practice). Þá geta próf sem taka til þekkingaratriða og klínískrar hæfni á námstíma verið veigamikill þáttur mats í sérnámi, svo sem til að færast milli námsstiga. Þessir þættir hjálpa sérnámslækni og handleiðurum að tryggja vel grundaðar ákvarðanir um framvindu sérnáms, svo sem í árlegu framvindumati (ARCP). Matsferli er háð skriflegri og staðfestri skýrslugerð, bæði um einstaka matsþætti eða árlegt framvindumat.

## **Sérnámssamningur**

4.12 Með vísan til reglugerðar nr. 467/2015 skal gerður samningur, sérnámssamningur, milli kennslustofnunar og sérnámslæknis sem þar með er tekinn inn í námsferli samkvæmt viðurkenndri marklýsingu. Um er að ræða tvíhliða samning sem skilgreinir meginatriði í réttindum og skyldum sem

varða sérnámið og er undirritaður af sérnámslækni og framkvæmdastjóra lækninga á viðurkenndum sérnámsstað (eða tilgreindum fulltrúa hans, s.s kennslustjóra). Þar eru tilgreind markmið sérnáms m.t.t þrepaskiptingar þess, meðan það varir á viðkomandi stofnun. Sérnámssamning ber að endurskoða í árlegu framvindumati og uppfæra ef það þarf. Að auki er gerður ráðningarsamningur með tilvísan í kjarasamninga.

4.13 Sérnámssamningur hefur sem grundvöll fyrirbyggjandi ***Almenn viðmið og leiðbeiningar vegna sérnáms í læknisfræði á Íslandi***. Með undirritun sérnámssamnings undirgengst sérnámslæknir að fylgja bæði almennum reglum og tilmælum um sérnám, reglum vinnustaðarins fyrir sérnámslækna og sértækum ákvæðum sem fylgja námi í viðkomandi sérgrein. Sérnámshandleiðara ber ásamt kennslustjóra að tryggja að sérnámslæknirinn hafi kynnt sér þessar leiðbeiningar og reglur. Sérnámslæknirinn sjálfur ber ábyrgð á að matsferlið fari fram eins og því er lýst í marklýsingu, að hann/hún fái nauðsynlega vottun því til staðfestingar, að skráning sérnáms, þ.m.t. rafrænt (e.portfolio) og í loggbók, sé viðhöfð og yfirfarin, og að þörf á eftirliti, endurgjöf, prófum og tímamörkum séu virt í námsferlinu.

## **Handleiðsla og framvindurýni**

4.14 Allir sérnámslæknar hafa sérnámshandleiðara (almennan handleiðara/lærimeistara/mentor), sem er sérfræðilæknir sem hefur kynnt sér sérnám, matsaðferðir, eftirlit með sérnámi og endurgjöf til námslækna. Sérnámshandleiðari er settur af kennslustjóra til þess að gegna þessu hlutverki gagnvart og með sérnámslækninum. Sérnámshandleiðarinn er til staðar fyrir sérnámslækninn. Hlutverk hans er að veita stuðning, gefa færi á uppbyggilegum og reglubundnum faglegum samræðum, taka á vandamálum með sérnámslækni og aðstoða hann í framvindu sérnámsins.

4.15 Sérnámshandleiðara má skipa fyrir allt sérnámið, en oft getur líka verið rétt að skipta um, þó að jafnaði ekki oftar en á árs fresti, eftir árlega framvindumatið. Sérnámslæknir og sérnámshandleiðari geta báðir óskað eftir því við kennslustjóra að skipt sér um handleiðara ef persónuleg samskipti þeirra eru erfiðleikum bundin.

4.16 Sérnámshandleiðslan á að vera ferli sem stuðlar að þróun í fagmennsku og miðast við þarfir sérnámslæknisins séu í forgrunni með hliðsjón af aðstæðum og námstækifærum á sérnámsstað.

4.17 Matsferli sérnámslæknisins innifelur stöðugt endurmat á framvindu sérnámsins. Meta skal þetta sérstaklega og að lágmarki við upphaf, á miðju og við lok hvers námsstigs eða námsárs, eða oftar samkvæmt ósk sérnámslæknis, sérnámshandleiðara eða kennslustjóra. Matið á að skrá jafnóðum í námsferilsskrá (loggbók, rafræna skráningu (e.portfolio)). Sérstakar aðstæður geta kallað á tíðara mat, svo sem ef framvinda er á undan eða á eftir því sem áætlað var.

4.18 Sérnámshandleiðarinn er tengiliður sérnámslæknis við kennsluráðið, þ.m.t. vegna árlegs framvindumats (ARCP) eða vinnustaðarmats (WBA). Skrifleg skýrsla sérnámshandleiðara þarf að liggja

fyrir þegar slíkt mat er framkvæmt og er grunnur að upplýsingum til kennsluráðs og vinnuveitanda um framgang sérnámsins.

4.19 Sérnámshandleiðari getur líka verið klínískur handleiðari ef svo ber undir, einkum á smærri námsstöðum eða starfsstöðum. Við þannig aðstæður verður hlutverk sérnámshandleiðara víðtækara, en halda þarf aðskildu mati á framvindu sérnáms (e. educational supervision) og vottun á klínískri þekkingu, hæfni og getu (e. clinical supervision). Forðast þarf hagsmunaaárekstra (e. conflict of interest) í þessu sambandi.

4.20 Tilgangur framvindumats og símats er að

1. Leiða í ljós sérstakar þarfir sérnámslæknis snemma og setja honum skammtímamarkmið í samræmi við það (**SMART-viðmið**: **S**értæk (e. specific), **m**ælanleg (e. measurable), framkvæmanlegt (e. achievable), **r**aunhæf, (e. realistic) og **t**ímanleg (e. time-bound).

2. Vera grunnur úrbóta og eftirlits í sérnáminu.

3. Auðvelda sérnámslækni að tileinka sér hæfni og getu í sjálfsmati sem verður hluti af síðara starfi í sérgreininni, svo og skilning og innsæi á eigin getu til framtíðar.

4. Auðvelda það að greina og nýta námstækifæri.

5. Veita endurgjöf varðandi gæði náms og námstækifæra.

6. Bæta skilvirkni í sérnáminu.

7. Átta sig á getu, náms- og starfshæfni sérnámslæknis.

4.21 Sérnámslæknar verða að geta rætt persónulegar þarfir, umkvartanir og önnur álitamál í náminu við kennslustjóra og kennsluráð án þess að það valdi þeim ótta/hugarangri eða hefti námsframvindu þeirra eða tækifæri í náminu. Kennslustjóra ber að reyna til þrautar að leysa ágreiningsmál með ásættanlegum hætti fyrir alla aðila.

4.22 Rafræn námsferilsskráning og matsblöð eru hluti þess að sérnámslæknir meti framvindu sína í samvinnu við sérnámshandleiðara sinn. Sérnámslæknir á ávallt rétt á ráðgjöf frá handleiðurum eða kennslustjóra í því skyni að hámarka þau not sem hann/hún hefur af færslum í námsferilsskrá sína og að það sé gert með reglubundnum hætti.

4.23 Samskipti um námsframvindu skulu skráð í námsferilsskrá og vera aðgengileg bæði sérnámslækni og sérnámshandleiðara, m.a. til endurgjafar og athugasemda, enda styðji það við þróun fagmennsku (e. professional learning).

4.24 Sé ástæða til að setja atvik á vinnustað í atvikaskrá heilbrigðisstofnunar, skal sérnámslæknir eiga kost á allri aðstoð sem unnt er að bjóða, s.s. með viðtölum við kennslustjóra og sérnámshandleiðara, en einnig ef við á við yfirmenn, mannauðsstjóra eða sál-gæsluaðila eins og mælt er fyrir um í starfsmanna- og/eða öryggisstefnu viðkomandi námsstaðar, sjúkra- eða heilbrigðisstofnunar. Sérnámslæknir skal jafnframt skrá slík samskipti í ferilsskrá sína og þar með sína eigin sýn á atburði sem um ræðir.

4.25 Verði sérnámslæknir var við eitthvað á vinnustað, hjá skjólstaðingum eða samstarfsfólki, í kennslu eða námsferlinu, sem hann/hún telur ekki standast siðfræðilega þau viðmið sem ber að viðhafa í starfi læknis eða sem almenns borgara, eða ógna öryggi, þá á sérnámslæknirinn skýlausan rétt á að koma því á framfæri við til þess bæra aðila, bæði á námsstað, innan sjúkra- eða heilbrigðisstofnunar eða við önnur opinber yfirvöld. Þetta getur átt við um öryggisatriði, óviðurkvæmilega framkomu, áreitni, einelti eða önnur áþekk atriði þar sem persónumörk eða fagmennska eru ekki talin virt.

4.26 Sérnámslæknir á að þekkja öryggis- og gæðastefnu námsstaðarins (m.a. með því að hafa kynnt sér heimasíðu vinnustaðar síns) og geta komið á framfæri því sem henni/honum er umhugað um í því sambandi við yfirmenn á vinnustað eða í náminu.

4.27 Þegar mat á námsframvindu fer fram skal tekið mið af öllum tiltækum og tilhlýðilegum gögnum í námsferilsskrá. Sérnámslæknir skal vera látinn vita um atriði sem benda til ófullnægjandi framvindu eða skorts á þekkingu, færni eða getu. Þetta getur tekið til heilsufars eða annara persónulegra atriða sérnámslæknis. Um slíkt ríkir ávallt fullur trúnaður af hálfu allra sem að málinu koma og í samræmi við almenna og sértæka persónuvernd, á kennslustofnun/vinnustað eða þar fyrir utan. Gera skal áætlun um úrbætur eins og við á og aðilar málsins eru sammála um. Allar slíkar aðgerðir skulu mótast af opnu og gagnsæu ferli eins og kostur er og samráð haft við yfirmenn sérnámslæknis á vinnustað og í kennsluráði, eins og við á hverju sinni.

4.28 Ef sérnámshandleiðari eða kennslustjóri telja framvindu, hegðan eða aðra þætti sem varða sérnámslækninn ekki fullnægjandi eða ef slíkt er áhyggjuefni með tilliti til framtíðarstarfa sérnámslæknisins, kann að vera að ekki sé ástæða til að bíða árlegs framvindumats. Sérnámslækni skal þá gerð grein fyrir því hvað standi til að gera og eftir atvikum skal leitað ráðgjafar kennsluráðs, mannauðsráðgjafa eða annarra tilhlýðilegra yfirmanna og stuðningsaðila. Möguleg úrræði, þ.m.t. að vísa sérnámslækni frá námi, skulu rædd opið og með gagnsæum hætti við sérnámslækninn.

4.29 Vilji sérnámslæknir láta endurskoða (áfrýja) ákvörðun kennslustjóra/kennsluráðs um sérnám sitt, þá er sá aðili sem sem hann skal snúa sér til yfirlæknir sérnáms á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri eða í Próunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu. Framkvæmdastjóri lækninga skal hafður með í ráðum á viðkomandi stofnun. LSH/SAK eða ÞÍH geta valið að skipa þriggja manna *ad hoc* nefnd óháðra aðila með engin tengsl við mál viðkomandi sérnámslæknis til að yfirfara málið og endurskoða ákvörðunina. A.ö.l. er vísað í [Stjórnsýslulög](#), 1993 nr. 37 30. apríl.

## Tilgangur árlegs framvindumats (ARCP)

4.30 Árlegt framvindumat (e. annual review of competency progression, ARCP) er formlegur vettvangur til að yfirfara framvindu sérnáms. Í því eru áunninni þekkingu, getu og færni á umliðnu ári gerð skil og mat lagt á framvindu sem forsendu sérnáms á næsta námsári eða í næsta áfanga sérnámsins. Sérnámslæknirinn, kennslustjóri og aðrir úr kennsluráði eða hópi handleiðara geta tekið þátt í matinu, en ekki sérnámshandleiðari eða fyrrverandi sérnámshandleiðari sérnámslæknisins. Ekki má verða meira en þriggja mánaða töf á matstímanum (miðað við upphaf náms eða tíma frá fyrra mati). Kennslustjóri stýrir framvindumatinu. Yfirlæknir sérnáms á LSH/SAk (þ.m.t. staðgengill viðkomandi) eða samsvarandi aðili innan ÞÍH skulu vera tiltækir ef vandamál koma upp.

4.31 Tilgangur árlegs framvindu mats er eftirfarandi:

1. Meta/endurmeta og skrá framvindu sérnámslæknis í sérnámsstöðu sinni og á sérnámsstað.
2. Nota á skrifaða/rafrænt færða ferilsskrá í námi (e. eportfolio) sem grundvöll matsins.
3. Matsblöð, prófaniðurstöður, umsagnir og önnur skjöl sem gefa upplýsingar um framgöngu sérnámslæknisins skulu skoðuð með samhæfðum hætti til að fá heildarmynd af framvindu sérnámsins, þ.m.t. vinnu og námi sem tengist sérnáminu þó það sé ekki innan marklýsingar eða beintengt sérnáminu. Þetta gildir bæði um sérnám á meginstöð eða útstöð fyrir sérnámið.
4. Tekið er mið af tíma í leyfum, tíma í hlutastarfi eða öðrum tíma utan sérnámsins, m.a. til að ákvarða hvort sérnámstíma eigi að lengja.
5. Þekking, hæfni, geta og færni eru metin með tilliti til áframhalds námsins. Þar með hvort sérnámslæknir haldi sérnámsnúmeri og færist á næsta námsstig eða hafi lokið námshluta sem áformaður var á íslenskri/erlendri heilbrigðisstofnun/annari sambærilegri stofnun.
6. Er grundvöllur vottorðs um lok sérnáms og þar með umsóknar um sérfræðileyfi.
7. Umsögn námshandleiðara skal metin af kennslustjórn/kennsluráði.
8. Vera grunnur umbóta á sérnámsferlinu.

4.32 Árlegt framvindumat tekur til allra sérnámslækna, hvort heldur í fullu starfi, hlutastarfi, rannsóknatengdu námi eða leyfum.

4.33 Hafi sérnámslæknir ákveðið að segja sig frá tilteknu sérnámi sem hann/hún var skráð í, skal árlegt framvindumat taka til tíma frá fyrra mati eða upphafi sérnáms og fram að þeim tíma þegar námi var hætt. Formlegt bréf um lok sérnáms skal þá gefið út af kennslustjóra og sérnámslækni sent afrit.

## ARCP matsferlið

4.34 Á Íslandi er notast við matskerfi sem í veigamiklum atriðum er fengið frá breska landlæknisembættinu (e. General Medical Council, GMC) og var þróað í samvinnu við bresk samtök sérfræðilækna (e. Royal Colleges). Þar er miðað við staðla í Góðum starfsháttum lækna (e. Good Medical Practice, sjá enn fremur heimasíðu Embættis landlæknis á Íslandi) og upplýsingar um staðla fyrir sérnám í Bretlandi (GMC | Excellence by Design: Standards for Postgraduate Curricula). Á Norðurlöndum og víða í Evrópu er tekið mið af þessum stöðlum við útfærslu marklýsinga fyrir sérnám í læknisfræði.

4.35 Yfirferð gagna um sérnám einstakra sérnámslækna og aðferðir við að meta hvort framvinda náms hafi verið fullnægjandi getur verið mismunandi milli sérgreina, en tekur jafnan til nokkurra þátta sem notast er við til að meta árangur (e. outcome):

1. Vel skilgreind og vel samin próf, þ.m.t. á þekkingaratriðum.
2. Beinar athuganir á færni við tiltekin læknisverk (e. direct observation of procedural skills, DOPS).
3. Yfirferð á sjúkraskrá með handleiðara (nótnafundir í heimilislækningum).
5. Umræður um sjúkratilfelli (e. Case-based Discussion, CbD) með handleiðara eða í stærri vinnuhópi.
6. Upplýsingar um höndlun aðstæðna af ýmsu tagi frá samstarfsfólki (e. multi-source feedback, MSF, 360° mat).
7. Myndgátun (e. video assessments).
8. Hermikennsla (e. assessments in clinical skills facilities).
9. Klínísk matsæfing (e. clinical evaluation exercises, mini-CEX).
10. Bein athugun á annarri færni (e. direct observation of non-clinical skills (DONCS)).
11. Ígrundun í námi (e. self-reflective learning logs).

4.36 Starfstengt mat (e. workplace-based assessment) felst í beinu eftirliti meðan nám fer fram (e. assessments **for** learning), yfirliti yfir námstilvik (e. assessments **of** performance/learning) og hæfni- og getumati (e. formative assessment).

4.37 Yfirliti um nám og námsmat er skipt upp eftir tímabilum eða áföngum náms í árlegu framvindumati. Síðasta matið er lokamat (e. summative assessment).

4.38 Námsferilsskrá, loggbækur og rafrænar skrár (e. portfolio), gæðaverkefni, fagrýni (e. audit), rannsóknaverk, ýmis gögn um þekkingu og reynslu sem sérnámslæknir hefur öðlast, eru hluti þess sem notað er í árlegu framvindumati.

4.39 Sérnámslæknar skulu í upphafi sérnáms yfirfara með sérnámshandleiðara og/eða kennslustjóra hvernig námsferilsskrá er best færð og hvaða upplýsingum skuli safnað þar vegna hins árlega framvindumats. Kennslustjóri ber ábyrgð á að sú tilsögn hafi farið fram.

4.40 Sérnámslæknum er skylt að taka þátt í árlegu sérnámsmati (ARCP) og þar með að:

4.40.1 halda námsferilsskrá í samræmi við kröfur marklýsingar og hafa gögn tilbúin fyrir hið árlega framvindumat til þess að a) sérnámshandleiðari geti gert sína skýrslu og b)

framvindumatsnefndin geti myndað sér rökstudda skoðun um framvinduna,

4.40.2 skoða með gagnrýnum hætti ásamt handleiðurum hvernig starf þeirra þróast í samræmi við Góða starfshætti lækna um almennar viðmiðanir í störfum lækna,

4.40.3 læra um og taka þátt í gæða- og umbótastarfi og/eða fagrýni (e. audit),

4.40.4 taka þátt í mati á sérnáminu af hálfu innlendra (mats- og hæfisnefnd) og erlendra matsaðila,

4.40.5 ræða um og koma með jákvæð innlegg varðandi meðferð skjólstæðinga, aðstæður á vinnustað og umbætur þar,

4.40.6 gera þar til bærum aðilum viðvart ef þeir verða uppvísir að ósæmilegu eða refsiverðu athæfi eða lenda sjálfir í þannig aðstæðum.

### **Skýrslugerð sérnámshandleiðara í árlegu framvindumati (ARCP)**

4.41 Sérnámshandleiðari þarf að ljúka við vel uppsetta og nægilega ítarlega skýrslu um sérnámslækninn fyrir árlega framvindumatið. Sérnámshandleiðari og sérnámslæknir skulu koma sér saman um innihald og orðalag í skýrslunni og hún þannig gerð að það sé gagnsætt hvernig niðurstaðan er fengin. Þar skal koma fram hvernig og í hvaða mæli námsmarkmiðum var náð með tilvísan til einstakra staðfestinga á því eins og þurfa þykir, og loks stutt yfirlit um stöðu sérnámsins hjá sérnámslækninum. Ákvörðun framvindumatsnefndar ætti því aldrei að koma sérnámslækni á óvart.

4.42 Sérnámshandleiðari skal ræða skýrslugerðina við sérnámslækninn. Leitast skal við að sérnámshandleiðari og sérnámslæknir séu sammála um skýrsluna. Ef svo er ekki, þá skal sérnámshandleiðari greina frá ástæðum þess.

4.43 Ef sérnámshandleiðara og/eða kennslustjóra þykir vafi leika á því hvort sérnámslæknir muni standast framvindumatið, þá skal greina sérnámslækninum tímanlega frá því og ástæður fyrir ófullnægjandi mati skráðar í námsferilsskrána. Sérnámslæknirinn á rétt á að ferlið sé gagnsætt, að miðað sé við birta staðla og áfanga í marklýsingu, að hann/hún hafi fengið fulla vitneskju um niðurstöður einstakra matsþátta, fengið að koma að athugasemdum og greina frá því sem hann/hún telur sig geta bætt og hvernig.



## Gagnaöflun fyrir árlegt framvindumat.

- 4.44 Kennslustjórar sjá um að safna saman og hafa tiltæk öll nauðsynleg gögn, matsblöð, niðurstöður prófa, námsferilsskrá og annað sem máli skiptir í árlegu framvindumati. Sérnámslæknum skal tilkynnt dagsetning framvindumatsins með 4 vikna fyrirvara til að gera þeim kleift að safna gögnum sem þeir sjálfir leggja til. Gögnin skulu liggja fyrir tveim vikum áður en matið er framkvæmt.
- 4.45 Sérnámslæknirinn er sjálf/sjálfur ábyrgur fyrir því að hafa safnað nauðsynlegum gögnum í samráði við námshandleiðara, þ.m.t. gögnum um ófullnægjandi árangur eða umsagnir um slíkt.
- 4.46 Réttar og uppfærðar upplýsingar eru forsenda ákvarðana um framhald eða lok sérnáms/sérnámsluta og í framhaldi af því, umsóknar um sérfræðileyfi. Sérnámslæknar mega senda kennslustjóra andsvör við tilteknum atriðum sem nefnd eru í skýrslu sérnámshandleiðarans.

## Um framvindumatsnefndina

- 4.47 Hlutverk framvindumatsnefndar (e. ARCP panel) er að meta stöðu sérnámsins hjá einstökum sérnámslæknum í viðkomandi sérgrein og ákvarða hvort sérnámslæknirinn færist á næsta stig eða áfanga í sérnáminu, eða ef við á, hvort sérnámi sé lokið. Upplýsingum um þetta er komið til skrifstofu sérnáms LSH og SAK eða ÞÍH, eftir því sem við á. Nefndin getur einnig tekið afstöðu til þátta sem varða ófullnægjandi framvindu, lagt mat á atriði sem snerta gæða- og öryggismálastefnu námsstofnunar, og komið slíkum upplýsingum áfram til vinnuveitanda sérnámslæknisins ef um alvarlegar ávirðingar er að ræða. Sérnámslæknar skulu vita um slík atriði og þar með að þeir eigi andmælarétt með tilvísan í Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1996070.html>).
- 4.48 Í framvindumatsnefnd skulu vera a.m.k. þrjú nefndarmenn valdir af kennsluráði sérgreinarinnar. Valið skal tilkynnt skrifstofu sérnáms fyrir LSH og SAK eða ÞÍH eins og við á. Yfirlæknir sérnáms eða þróunarmiðstöð geta gert athugasemdir við val nefndarmanna. Kennslustjóri og forsvarsmáður sérgreinarinnar (eða tilgreindir fulltrúar þeirra) geta setið í matsnefndinni, en ekki sérnámshandleiðari eða handleiðari í akademísku námi. Þá má hafa þar fulltrúa vinnuveitanda, svo sem mannauðsstjóra eða fulltrúa menntadeildar, ritara og aðra sem kennslustjóri telur að eigi að koma að matinu. Í nefndinni má hafa fulltrúa erlendra samstarfsaðila og skal matsferlið þá vera á því erlenda tungumáli sem allir tala og skilja. Ef erlendur utanaðkomandi aðili er ekki til staðar má skipa annan utanaðkomandi nefndarmann frá annari sérgrein (t.d. kennslustjóra eða meðlim kennsluráðs). Einnig má skipa í nefndina leikmann/akademískan starfsmann menntasviðs háskóla eða aðila úr annari heilbrigðisstétt sem fengið hefur þjálfun í matsaðferðum sérnámsins. Hlutverk slíks aðila er m.a. að tryggja að gætt sé gagnsæis, jafnræðis og sanngirmi við ákvarðanatöku.

- 4.49 Sérnámslæknir á andmælarétt gagnvart þeim sem veljast í framvindunefndina. Kennslustjóri skal sem formaður nefndarinnar gæta sérstaklega að hagsmunaárekstrum (e. conflict of interest).
- 4.50 Allir nefndarmenn og aðrir aðilar sem sitja kunna matsfundinn eiga að hafa fengið upplýsingar um matsferlið og vera meðvitaðir um hlutverk framvindumatsnefndarinnar. Séu hagsmunaárekstrar líklegir, þá skal þeim sem í hlut á skipt út.

### **Störf framvindumatsnefndar**

- 4.51 Fundargerð skal rituð og ber formaður (kennslustjóri) ábyrgð á því. Farið er yfir öll gögn sem borist hafa. Sérnámslæknir er ekki viðstaddur þann þátt matsins.
- 4.52 Komi fram að einhverjir þættir í framvindu sérnámslæknisins séu taldir ófullnægjandi (útkoma 2,3,4, sjá 4.57), skal nefndin meta þetta og fella úrskurð. Sérnámslæknir skal ef mögulegt er vera tiltækur til að ræða úrskurðinn nánar við nefndina. Leita má álits viðkomandi sérnámshandleiðara.
- 4.53 Ef við á kann að þurfa að lengja sérnámsstíma að teknu tilliti til eðlilegra leyfa, barneigna, veikinda, hlutastarfa, rannsóknarvinnu, námshlés og viðlíka atriða sem hafa varað meira en 14 daga í árinu með vísan til reglugerðat 467/2015. Sama á við um tafir í sérnámi sem ekki eru tilkomnar vegna aðgerða sérnámslæknisins eða skorts á aðgerðum af hans/hennar hálfu, t.d. þar sem breytingar á vinnufyrirkomulagi eða námsferli samkvæmt marklýsingu hafa leitt til seinkunar í sérnáminu.
- 4.54 Ný dagsetning vegna loka námshluta eða námsins alls skal sett til viðmiðunar og tilkynnt Skrifstofu sérnáms á LSH/SAK eða ÞÍH eins og við á.

### **Úrskurðir og niðurstaða framvindumatsins**

- 4.55 Um er að ræða átta möguleika fyrir niðurstöðu (e. outcome) hins árlega framvindumats (sjá lið 4.59). Við endanlega ákvörðun framvindumatsnefndar skal ávallt tekið tillit til aðstæðna sérnámslæknis eða andmæla hans/hennar og almennt skal reynt að virða slíkt sérnámslækninum til hagsbóta. Um áfrýjun er vísað í lið 4.29.
- 4.56 Sérnámslæknirinn fær framvindumatið á skriflegu formi og það skal vera hluti námsferilsskýrslu hans, hvort heldur það er á skriflegt eða rafrænu formi.
- 4.57 Niðurstöðuflokkar eru:

**Niðurstaða 1: Fullnægjandi framvinda sérnáms og þróun þekkingar og færni í samræmi við marklýsingu og almennar væntingar.** Fullnægjandi framvinda er skilgreind þannig að sérnámslæknir er talinn hafa náð hæfni- og þekkingarstigi í samræmi við marklýsingu á þeim tíma og með þeim hraða sem til var ætlast og skilað um það vottunum og niðurstöðum matsferla/prófum.

**Niðurstaða 2: Þörf á að bæta við tilgreindum færni- eða þekkingatriðum, en lengri námstíma ekki krafist.** Framvinda hefur verið almennt fullnægjandi, en skortir á að sumum þekkingar- og færni atriðum hafi verið náð. Hins vegar er ekki búist við að sérnám tefjist eða skerðist af þessum sökum eða að sérstakar viðbætur við námið þurfi.

**Niðurstaða 3: Ófullnægjandi framvinda, viðbótarnámstíma þarf.** Nefndin hefur komist að niðurstöðu um að sérnámslæknir þurfi lengri tíma sem lengir heildarsérnámstímann, annaðhvort í grunn- eða seinni þáttum sérnámsins.

**Niðurstaða 4: Brotthvarf úr sérnámi, með eða án viðurkenningar á tilteknum færni- eða þekkingatriðum.** Nefndin mælir með að sérnámslæknir hætti í viðurkenndu sérnámi í viðkomandi sérgrein vegna viðvarandi eða endurtekens mats sem gefur til kynna að hann/hana skorti á framvindu þrátt fyrir viðbótarnám eða að tækifæri til úrbóta hafi ekki verið nýtt. Nefndin hefur tiltekið þau atriði sem teljast fullnægjandi og þau atriði þar sem settum markmiðum hefur ekki verið náð að mati framvindunefndarinnar. Sérnámslæknirinn missir þá sérnámsnúmer sitt en getur leitað ráðgjafar um nýtt sérnám eða vinnu sem læknir á öðrum vettvangi en þeim sem fyrra sérgreinarnámið tók til.

**Niðurstaða 5: Ófullnægjandi framlögn gagna, og viðbótarsérnámstíma þarf.** Vegna ófullnægjandi eða engra haldbærra gagna sem framvindumatsnefndin hefur fengið er ekki unnt að fella úrskurð um framvinduna. Nefndin skal tilgreina hvað vantar frá sérnámslækni eða handleiðurum og tilgreina tímamörk til framlagningar þeirra gagna. Ef nefndin telur líklegt að framvinda verði talin fullnægjandi að því loknu (útkoma 1), má kennslustjóri veita sérnámslækni vitneskju um þann úrskurð og tekur viðurkenning þá gildi þegar gögn hafa borist og verið yfirfarin af nefndinni. Ef útkoma 2,3 eða 4 er líkleg skal engu að síður aflað gagna og að þeim fengnum felldur nýr framvinduúrskurður.

**Niðurstaða 6: Sérnámslæknir hefur lokið sérnámi og náð öllum færni- og þekkingarkröfum samkvæmt marklýsingu.** Nefndin hefur yfirfarið allan feril sérnámslæknisins og tímamörk, staðsetningu og árangur í sérnámi og mælir með veitingu sérfræðiréttinda.

**Niðurstaða 7: Rannsóknatengt nám eða önnur vinna sem er ekki hluti reglubundins sérnáms samkvæmt marklýsingu eða er unnin í sérnámshléi.** Nefndin hefur yfirfarið viðeigandi gögn og viðurkennir þau sem gilda vottun, eftir atvikum til að reiknast inn í sérnámstíma, sbr. 3. mgr. 10.gr. reglugerðar nr. 467/2015. Sé um námshlé að ræða þarf sérnámslæknir engu að síður að senda greinargerð til framvindumatsnefndar til að geta haldið sérnámsnúmeri sínu og vera áfram skráður í sérnámsferli viðkomandi sérgreinar.

**Niðurstaða 8: Sérnámshluta lokið á Íslandi og framhald og lok sérnáms erlendis.** Nefndin hefur yfirfarið viðeigandi gögn og viðurkennir þau sem gilda vottun um sérnámshluta (e. core or basic training) sem getur reiknast inn í sérnámstíma ef erlend námsstofnun fellst á það.

## **Viðbótarnámstími og námshlé**

4.58 Framvindumatsnefndin getur úrskurðað að viðbótarnámstíma þurfi. Um getur verið að ræða tiltekin og sértæk atriði (e. focussed training towards acquisition of specific competencies) eða almennt lengri tíma án slíkra tiltekinna atriða. Þetta er háð því að heppileg staða sérnámslæknis sé tiltæk til þess að ljúka námshluta sem um ræðir. Kennslustjóri og kennsluráð hafa milligöngu um

þetta við viðkomandi námsstað, framkvæmdastjóra og eftir atvikum mannauðsráðgjafa þar, til að tryggja ráðningu á réttum forsendum.

- 4.59 Skrifstofu sérnáms á LSH og SAK eða ÞÍH skal tilkynnt um þetta, enda haldi sérnámslæknir sérnámsnúmeri sínu, m.a vegna áframhaldandi náms, ef slíkt á við/er í boði. Ferli slíks viðbótarnáms skal vera gagnsætt og sérnámslæknirinn með í ráðum um hvernig þessu er hagað.
- 4.60 Embætti landlæknis getur ráðlagt viðbótarnám fyrir lækni sem sækir um sérfræðileyfi. Læknirinn getur þá snúið sér til framkvæmdastjóra lækninga á viðkomandi viðurkenndri heilbrigðisstofnun. Framkvæmdastjórinn skal ráðgast við kennslustjóra viðkomandi sérgreinar. Nauðsynlegt er að öll gögn sem beðið er um séu send kennslustjóra og hann og kennsluráð sérgreinarinnar taka afstöðu til þess hvort unnt er að verða við tilmælum um viðbótarnám. Kennsluráð sérgreinar getur leitað utanaðkomandi ráðgjafar eða álits Framhaldsmenntunarráðs lækninga vegna slíkra beiðna. Ekki er gert ráð fyrir að viðkomandi læknir sé ráðinn að stofnun til að stunda viðurkennt sérnám nema samþykkt hafi verið formlega aðhann/hún geti farið inn í námsferlið og hann/hún fengið sérnámsnúmer.
- 4.61 Um tímalengd og inntak viðbótarnáms úrskurðar kennslustjóri og eftir atvikum kennsluráð.
- 4.62 Tímalengd viðbótarnáms má vera 6 mánuðir eða 1 ár í senn, að hámarki 2 ár samtals að frádregnum lögætum fríum, barneigna eða veikindaleyfum. Viðbótartími þarf ekki að vera samfelldur, en æskilegt er að svo sé. Taka má tillit til sérstakra aðstæðna, bæði persónulegra eða aðstæðna í samfélaginu. Sérnámslæknirinn verður að gera grein fyrir slíku og framvindu sérnámsins með vanabundnum hætti í samræmi við námskröfur og markýsingu.
- 4.63 Framvindumatsnefnd getur orðið að taka tillit til námshlés í hinu árlega mati, en það er ekki hlutverk framvindumatsnefndar að heimila slíkt hlé. Það er á hendi kennslustjóra og kennsluráðs.

### **Framvindumat tilkynnt**

- 4.64 Framvindumat er skriflegt. Sérnámslæknir fær tvö eintök matsins og skal skila kennslustjóra öðru með undirskrift sinni til að staðfesta móttöku þess. Undirskriftin jafngildir ekki því að hann/hún samþykki matið og hefur ekki áhrif á rétt til að andmæla matsniðurstöðu eða óska endurskoðunar matsins (áfrýja).
- 4.65 Afrit undirritaðs framvindumats skal senda sérnámshandleiðaranum og skrifstofu sérnámsins á LSH/SAK eða ÞÍH eins og við á í hvert sinn.
- 4.66 Kennslustjóri og sérnámshandleiðari skulu funda með sérnámslækni þegar matið liggur fyrir til að ákveða næstu skref í sérnáminu eða ræða aðrar leiðir ef matsniðurstaðan gefur tilefni til þess. Slíks fundar skal getið með formlegum hætti í námsferilsskrá sérnámslæknisins.

- 4.67 Nauðsynlegt getur verið að yfirmenn námsstaðar (framkvæmdastjóri lækninga eða starfsmannastjóri) fái vitneskju um niðurstöðu framvindumats. Ávallt skal gæta fulls trúnaðar um slík mál í samræmi við Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.
- 4.68 Sem eftirlitsaðili um heilbrigðismál getur embætti landlæknis spurst fyrir um og leiðbeint varðandi störf nefnda sem framkvæma árlegt framvindumat. Kennslustjórum, kennsluráði, skrifstofu sérnáms á LSH og SAK eða ÞÍH ber að svara slíkum erindum með eins ítarlegum upplýsingum og hægt er eða viðeigandi er að veita með vísan til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sé um að ræða upplýsingar sem varða tiltekinn sérnámslækni skal henni/honum gerð grein fyrir fyrirspurninni.

### **Rannsóknánám tengt sérfræðinámi**

- 4.69 Ef sérnámslæknir er við upphaf sérnáms í rannsóknatengdu námi og formlega skráður í það, eða vill taka slíkt nám eftir að sérnám hefst eða samhliða því, þarf sérstakt skriflegt samkomulag sérnámsstaðar á heilbrigðisstofnun og þeirra sem þar sjá um sérnámið við heilbrigðisvísindadeild þar sem rannsóknatengda námið fer fram. Venjulega sjá kennslustjóri sérnámsins og umsjónarkennari í háskóla um slíkt, með samþykki skrifstofu sérnáms eða ÞÍH eins og við á hverju sinni.
- 4.70 Um diplóma, meistara- og doktorsnám getur verið að ræða, en einnig rannsóknaverkefni sem ekki tengjast háskóla.
- 4.71 Í 3 mgr. 10 gr. reglugerðar nr. 467/2015 um sérfræðinámi lækna á Íslandi segir að viðurkenna megi allt að eins árs nám í aðalgrein (til sérfræðiviðurkenningar) á deild eða stofnun þar sem vísindalegar rannsóknir fara fram sem tengjast viðkomandi sérgrein. Til að slíkt sé unnt að gera þarf að miða við formlegt meistara- eða doktorsnám í háskóla eða annað viðamikilið vísindaverkefni þar sem sérnámslæknir sér um framkvæmd, gagnaöflun og úrvinnslu í víðum skilningi. Sérnámslæknirinn þarf að vera í fullu starfi við vísindaverkefnið meðan á því stendur, en mögulegt er að viðhafa 50-75% starfshlutfall ef vinnutími er vel skilgreindur. Semja verður um slíkt fyrirfram með skriflegum hætti og votta framkvæmdina í árlegu framvindumati. Ekki má semja um slíkt til lengri tíma en tveggja ára ef um fullt starf er að ræða (jafngildir hámarkshléi í sérnámi) eða samsvarandi tíma ef um hlutastarf er að ræða, þó ekki lengur en til fjögurra ára samhliða 50% starfi. Ef sérnámslæknir ætlar ekki að biðja um námshlé, má hlutastarf ekki vera minna en 50%. Viðurkenndur tími í rannsóknatengdu námi til jafns við klínískt sérnám byggist á mati kennslustjóra/kennsluráðs sérgreinarinnarog um er að ræða hámarkstíma.
- 4.72 Um framvirka skráningu í rannsókn- eða vísindavinnu er að ræða. Ekki skal nota eldri vísindavinnu eða framkvæma afturvirka skráningu. Raunhæfa vinnu- og tímaáætlun verður að leggja fram. Eins og í sérnámsferli er um að ræða færni-, hæfni- og þekkingarmiðað nám, en ekki tímallengd náms.

- 4.73 Rannsókn- eða vísindaverkefni krefst samþykkis vísindasiðanefndar og nákvæmrar rannsóknáætlunar sem kennslustjóri sérnámsins hefur einnig samþykkt ef læknirinn heldur skráningu í sérnámið (sérnámsnúmeri).
- 4.74 Vísindaverkefnið verður að vera vel tengt sérgreininni sem sérnámslæknir er í, svo samþykka megi það sem hluta úr sérnámi. Æskilegt er að sérnámslæknir haldi ríkum tengslum við sérnámsferlið, svo sem í viðveru á sérnámsfundum, í vaktavinnu og með öðrum nánum hætti, enda mundi hann/hún halda sérnámsnúmeri sínu á meðan vinna við vísindaverkefnið stendur. Sérnámslæknirinn er ekki undanþeginn árlegu framvindumati meðan unnið er í störfum sem þessum.
- 4.75 Vísindaverkefni þarf umsjónarkennara sem getur ekki um leið verið sérnámshandleiðari námslæknisins. Meistara- og doktorsnefnd þarf að auki, samkvæmt reglum viðkomandi innlendrar eða erlendrar háskóladeildar.
- 4.76 Framvindumat í rannsóknarverkefni og í sérnámi má vera sameiginlegt eða aðskilið, en hvor umsjónaraðili um sig skal miðla upplýsingum til hins með vitund sérnámslæknisins.
- 4.77 Útkomumat vegna rannsókn- eða vísindaverkefnis sem skráð er í háskóla fer eftir reglum háskóladeildar, en er annars hluti árlegs framvindumats og útkomum sbr. lið 4.59.

## 5. kafli: Að vera sérnámslæknir og starfsmaður.

### Ráðning í starf á heilbrigðisstofnun

5.0 Í flestum tilvikum fer sérnám í læknisfræði fram á heilbrigðisstofnun sem hefur hlotið vottun/viðurkenningu frá mats- og hæfisnefnd skv. 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015 um sérfræðinám á Íslandi. Sérnám (og sérnámsgrunnsnám) er þannig á forræði heilbrigðisyfirvalda og heilbrigðisráðuneytis, en ekki menntamála eða menntamálaráðuneytis, eins og t.d. á við um læknisfræðinám á háskólastigi. Sérnámið er því að jafnaði nám sem er samhæft starfi sem læknirinn er ráðinn til að gegna í sjúkra- eða heilbrigðisstofnun og er launað starf.

5.1 Um launuð störf fer samkvæmt ráðningasamningi og laun eru greidd í samræmi við kjarasamninga. Sérnámslæknar verða að fylgja þeim kröfum sem vinnuveitandi gerir, s.s. um aðlögunartíma, leyfi, vaktir og þess háttar.

5.2 Kjarasamningar eru óháðir sérnámssamningi sem fjallar einungis um réttindi og skyldur sérnámslæknis í því námi sem hann/hún er skráður í. Embætti landlæknis hefur samkvæmt lögum eftirlit með störfum allra lækna og hefur í því skyni birt reglur um Góða starfshætti lækna. Þau mynda ásamt Siðareglum lækna (Codex Ethicus), reglum hvers vinnustaðar og viðeigandi lögum, ramma um starf lækna.

5.3. Heilbrigðisstofnanir sem hafa hlotið viðurkenningu sem námsstaðir af mats- og hæfisnefnd taka á sig þær skyldur að veita sérnámslækninum aðstöðu til að stunda sérnámið, bæði hvað varðar vinnuskipulag, álag í vinnu og tækifæri til að öðlast þá þekkingu, reynslu, getu og færni sem viðurkennd marklýsing kveður á um.

5.4 Brjótí læknir í sérnámi gegn almennum reglum sem gilda í störfum sem læknir eða störfum á heilbrigðisstofnun, þá fer meðferð þeirra mála eftir verkferlum hverrar stofnunar sem ráðningaraðila og er stýrt af yfirmönnum stofnunarinnar í samstarfi við kennslustjóra og kennsluráð sérgreina. Sérnámi getur því verið sjálfhætt og læknir misst sérnámsnúmer sitt ef ráðningu á viðurkennda námsstofnun lýkur vegna uppsagnar starfsins eða vegna brotlegs/saknæms athæfis.

5.5 Eins og allir læknar hafa sérnámslæknar ríkar skyldur gagnvart skjólstaðingum, sjúklingum, samstarfsfólki og almenningi. Þeir þurfa að vera vakandi fyrir því að heilbrigðisþjónusta í landinu sé á hverjum tíma eins góð, áreiðanleg, örugg og sanngjörn og löggjafinn ætlast til og halda háum staðli í starfi og námi í samræmi við siðareglur lækna og góða starfshætti lækna.

### Sótt um leyfi

5.6 Þegar sérnámslæknir hefur lokið viðurkenndu framvirku sérnámsferli, á Íslandi eða við erlenda stofnun/stofnanir, má sækja um sérfræðileyfi á Íslandi eða í því erlenda ríki þar sem náminu lýkur á grundvelli reglugerðar nr. 467/2015. Sérfræðileyfi frá ESB/EES löndum eru viðurkennd á Íslandi, en sérstök reglugerðarákvæði gilda um viðurkenningu sérfræðileyfa frá öðrum löndum. Að fengnu

starfsleyfi og skráningu frá landlæknisembættinu (sjá <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/umsoknir/#starfsrettindi>) má lækni hefja störf á Íslandi, í sjálfstæðum rekstri (leyfisskyldur skv. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007) og/eða starfi á heilbrigðisstofnun (6. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007). Vegna samninga við almannatryggingar þarf að hafa samband við Sjúkratryggingar Íslands (sjá <https://www.sjukra.is/heilbrigdisstarfsfolk/sergreinar-laekna/>).

**Viðbætur úr Breska Gold Guide 2018 (sjá enn fremur 2022 útgáfu).**

**Appendix 2,3,4,5,6,7**

[https://www.gmc-uk.org/-/media/documents/promoting-excellence-standards-for-medical-education-and-training-0715\\_pdf-61939165.pdf#page=9](https://www.gmc-uk.org/-/media/documents/promoting-excellence-standards-for-medical-education-and-training-0715_pdf-61939165.pdf#page=9)



## Orðalistar, hugtök, skammstafanir, matsaðferðir

### Skammstafanir

FMRL: Framhaldsmenntunarráð lækninga

LSH: Landspítali háskólasjúkrahús (e. Landspítali University Hospital, LUH)

SAK: Sjúkrahúsið á Akureyri (e. Akureyri Hospital, skilgreint sem kennslusjúkrahús, e. teaching hospital)

ÞÍH: Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

SGL: Sérnámsgrunnslæknir (áður kandidat, starfsnámslæknir)

SNL: Sérnámslæknir

### Grunnheiti og grunnhugtök - í ensku og möguleg íslenskun

training: þjálfun, æfing, fræðsla, menntun, (kennsla)

core: kjarni, kjarna-, upphafs-

advanced: framhalds-, þróaður-, langt kominn, sértækur, (sér-)

educational: kennslu-, fræðslu-, mennta-, (hæfni-, kunnáttu-, lærdóms-, þekkingar-)

clinical: klínískur, (klínísk,) lækninga-, heilbrigðisþjónustu-

programme, program: áætlun, dagskrá, efnisskrá, (framkvæmdaáætlun)

specialty (-ality): sérfræðigrein, sérgrein, sérsvið, (sérhæfing)

assessment: mat, álit, dómur (athugun)

exercise: þjálfun, æfing, æfingarverkefni, athöfn, (þjálfunaræfing)

observation: eftirlit, athugun, áhorf, skoðun, könnun, (skoðunaratriði)

meeting: fundur, mót, samkoma, (það að hittast)

discussion: umræður, rökræða

handover: skilafundur, (skil)

### **Fagorð:**

#### **Curriculum**

[íslenska] marklýsing

[sh.] námsskrá

[skilgr.]. Lýsing á markmiðum, framkvæmd og mati á námi samhliða vinnu á mismunandi sjúkradeildum og í heilsugæslu í 1 ár að loknu læknaprófi úr háskóla (tvö ár í sumum löndum).

#### **Education and training board (LETB)**

[íslenska] Framhaldsmenntunarráð

[sh.] stýrinefnd sérnáms

[skilgr.]. Nefnd eða ráð sem hefur yfirumsjón með sérnámi lækna samhliða vinnu á mismunandi sjúkradeildum og í heilsugæslu.

#### **Local education provider (LEP)**

[íslenska] námsstaður, kennslusjúkrahús

[sh.]

[skilgr.]. Kennslustofnun þar sem starfs- eða sérnám fer fram samhliða samhliða vinnu á mismunandi sjúkradeildum og í heilsugæslu.

#### **Foundation training**

[íslenska] sérnámsgrunnur, sérnámsgrunnsnám

[sh.] kandidatsnám, kandidatsár, starfsnám

[skilgr.]. Nám samhliða vinnu á mismunandi sjúkradeildum og í heilsugæslu í 1 ár að loknu læknaprófi úr háskóla (1,5-2 ár í sumum löndum).

#### **Initial assessment of competence IAC**

[íslenska] inntökumat

[sh.] upphafsmat

[skilgr.]. Mat sem fram fer af hálfu kennsluráðs/kennslustjóra á umsækjanda um inntöku í sérnám læknisfræði.

#### **Core specialty training**

[íslenska] kjarnasérnám

[sh.] grunnsérnám, upphafssérnám

[skilgr.]. Sérnám sem tekur til meginatriða sérgreinar í læknisfræði, fyrstu 2-3 ár náms.

### **Intermediate specialty training**

[íslenska] miðhlutasérnáms

[sh.] miðbik sérnáms

[skilgr.] Sérnáms sem tekur til meginatriða sérgreinar í læknisfræði, umfram grunnatriði fyrstu 2-3 ár sérnáms og fram að lokahluta sérnáms.

### **Higher specialty training**

[íslenska] framhaldssérnáms

[sh.] seinni hluti sérnáms lækna, lokahluti sérnáms

[skilgr.] Sérnáms sem tekur til sérgreinar í læknisfræði að loknu kjarnasérnámi og eftir atvikum miðbiks sérnámi og fram að lokum sérnáms í aðalsérgrein, 3.-5. ár.

### **Advanced specialty training**

[íslenska] sérhæfingarnám

[sh.] frekari sérhæfing í sérnámi lækna

[skilgr.] Sérnáms sem tekur til frekara náms í sérgrein læknisfræði að loknu kjarna- og framhaldssérnámi í aðalsérgrein, þar sem áhersla er á dýpri þekkingu á tilteknu sviði sérgreinar, 5.-7. ár.

### **Specialty training programme**

[íslenska] sérnáms

[sh.] sérhæfing lækna

[skilgr.] Sérnáms sem tekur til sérgreinar í læknisfræði.

### **Certificate of completed training**

[ensk skammstöfun] CCT

[íslenska] sérfræðileyfi

[sh.] sérhæfing lækna,

[skilgr.] Leyfi læknis sem hefur lokið sérfræðinámi og fengið sérfræðileyfi í læknisfræði frá Embætti landlæknis eða sem viðurkennt er af Embætti landlæknis.

CESR certificate of eligibility for specialist training

CEGPR certificate of eligibility for GP registration

### **Training programme director (*í vinnslu*)**

[íslenska] kennslustjóri

[sh.] námsstjóri

[skilgr.] Aðili sem skipuleggur og stýrir sérnámi í sérgrein læknisfræði.

### **Training programme committee**

[íslenska] kennsluráð

[sh.] námsstjórn

[skilgr.] Fjölskipuð stjórn sem stýrir sérnámi í sérgrein læknisfræði.

### **Educational supervisor, ES**

[íslenska] sérnámshandleiðari

[sh.] handleiðari, almennur handleiðari, lærimeistari, mentor

[skilgr.] Aðili sem veitir sérnámslækni persónulega handleiðslu í námi á lengri tíma og tekur ábyrgð á framvindu sérnáms annars læknis.

**Clinical supervisor**

[íslenska] klínískur handleiðari.

[sh.] handleiðari

[skilgr.] Aðili sem veitir sérnámslækni formlega leiðsögn á sjúkradeild eða starfsstöð.

**Annual Review of Competency Progression**

[íslenska] Árlegt framvindumat

[sh.] ARCP

[skilgr.] Mat á framvindu læknis í sérnámi sem fram fer árlega til loka sérnáms.

**ARCP committee**

[íslenska] framvindumatsnefnd

[sh.] námsnefnd

[skilgr.] Nefnd sem sér um og ákveður um framvindumat (ARCP) ásamt kennslustjóra.

**Conflict of interest**

[íslenska] hagsmunatengsl

[sh.] hagsmunaárekstur

[skilgr.] Vandamál sem upp koma vegna hugsanlegra hagsmuna sem stangast á.

**Locum appointment**

[íslenska] afleysingastaða

[sh.]

[skilgr.] Læknir sem leysir annan lækni af (s.s vegna veikinda, barneigna, leyfis af öðrum toga).

**Formative assessment**

[íslenska] færnimat

[sh.] leiðsagnarmat

[skilgr.] Mat sem fer fram á vegum sérnámshandleiðara, kennslustjóra eða kennsluráðs á færni, hæfni og getu sérnámslæknis.

**Matsatriði/matsaðferðir sem notast er við í sérnámi lækna:**

Beinar athuganir á færni við tiltekin læknisverk (e. direct observation of procedural skills, DOPS).

Yfirferð á sjúkraskrá með handleiðara (nótnafundir í heimilislækningum).

Umræður um sjúkratilfelli (e. Case-based Discussion, CbD) með handleiðara eða í stærri vinnuhópi.

Upplýsingar um höndlun aðstæðna af ýmsu tagi frá samstarfsfólki (e. multi-source feedback, MSF, 360° mat).

ACEX (svæfingar).

Myndgátun (e. video assessments).

Hermikennsla (e. assessments in clinical skills facilities).

Klínísk matsæfing (e. clinical evaluation exercises, mini-CEX).

Bein athugun á annarri færni (e. direct observation of non-clinical skills (DONCS)).

Ígrundun í námi (e. self-reflective learning logs).

### **Önnur algeng hugtök og skammstafanir notuð í ensku:**

ACAT, aged care assessment team = færnimatsteymi

ACCS, acute common core stem eða acute care assessment tool = samþætt kjarnanám í bráðagreinum lækninga (SKAFL), bráðakjarni; aðferðir við mat í bráðaaðstæðum

ALS, advanced life support = lífgunaraðgerð(ir) á breiðum grunni

ATLS, acute trauma and life support = slysa- og lífgunaraðgerðir

AUT, acute unselected take = móttaka allra bráðasjúklinga án forvals

CDU, clinical decision unit = bráðadeild, bráðamóttaka

CIP, competencies in practice = færni í vinnu

EoAtt, end of Attachment = mat við lok dvalar á deild/einingu

ESR, educational supervisor report = framvinduskýrsla sérnámshandleiðara

ILS, immediate life support = bráðaaðgerðir til lífgunar

GPC, General professional capabilities = almenn læknisfærni

MCR, multiple consultant report = skýrsla sérfræðilæknateymis

MDT, multidisciplinary team = samráð- eða samvinnuteymi faghópa

PACES, Practical Assessment of Clinical Examination Skills = hluti breskra sérfræðiþrófa (s.s. tengt MRCP Part 2)

OPL, official parental leave = fæðingarorlof

PDP, personal development planning = persónuleg framvindumarkmið

POCUS, point of care ultrasound = ómun á sjúkraþæði

QIP, quality improvement project = gæðaverkefni

SLE, supervised learning event = námstælifæri, kennslutækifæri

SLO, specialty learning outcomes = þekkingaratriði í sérgrein

TO, teaching observation = fylgst með kennslugetu